


skoðun 12




2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Fasteignir.is

Spennandi tækifæri
*Herborg Eðvaldsdóttir er á leið í starfsnám hjá Kahla í Þýskalandi.*
**allt**




# FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur
**20. júní 2011**
141. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

10 ÁRA 2001-2011
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*
*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar – mars 2011




**Með nál og tvinna á lofti**
*Charlies-stelpurnar sitja sveittar og sauma.*
**fólk** 26

**Hlýtur gullverðlaun**
*Emilía Borgþórsdóttir iðnhönnuður verðlaunuð á virtri húsgagnasýningu.*
**tímamót** 14



**Þurftum meiri tíma**
*Eyjólfur Sverrisson fer yfir þátttöku Íslands í EM U21 í Danmörku.*
**sport** 22

**veðrið í dag**




**NOKKUÐ BJART** Í dag verður fremur hægur vindur víðast hvar. Bjart með köflum SV-lands en líkur á skúrum seinnipartinn. NA-lands léttir til með deginum.
VEÐUR 4

# Stórframkvæmdir í biðstöðu

**Innanríkisráðherra segir ekki forsendur fyrir stórframkvæmdum í vegagerð vegna almennrar andstöðu við vegatolla. Breyti þó engu varðandi kjarasamninga. SA segir tafir á framkvæmdum vera mikið áhyggjuefni.**

**KJARAMÁL** „Ég sé ekki forsendur fyrir því að ráðast í stórframkvæmdir í vegagerð, byggðar á vegatollum, á þessu stigi málsins," segir Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra spurður um afstöðu sína til gagnrýni aðila vinnumarkaðarins um seinagang í framkvæmdum á vegum hins opinbera. Hann segir almenna andstöðu við slíka fjármögnun framkvæmda.

Ráðherra fundaði með fulltrúum ASÍ og Samtaka atvinnulífsins (SA) í gær eftir að þau síðarnefndu höfðu lýst því yfir að meintur skortur á efndum ríkisstjórnarinnar hefði sett endurskoðun á forsendum nýgerðra kjarasamninga í uppnám. Í dag eða á morgun kemur í ljós hvort ASÍ og SA telji forsendur vera fyrir þriggja ára samningum eða hvort þeir verði ógiltir og aðfararsamningur látinn gilda til loka janúar 2012.

„Spurningin snýst um hraða framkvæmda og hvernig er greitt fyrir þær," segir ráðherra.

Hann bætir þó við að stjórnvöld leggi sex milljarða króna í nýframkvæmdir í vegamálum í ár og fimmtán milljarða alls.

„Verkefni okkar er að nýta fjármuni með þrennt í huga í senn: Bæta samgöngukerfið, auka umferðaröryggi og skapa sem flest störf við framkvæmdirnar."

Hann segir rangt að uppkomin staða skapi forsendubrest varðandi kjarasamninga SA og ASÍ.

„Við ætluðum að fara yfir stöðuna og reyna að fá niðurstöður varðandi flýtiframkvæmdir en nú standa mál þannig að það eru ekki forsendur til að ráðast í framkvæmdir fjármagnaðar með vegtollum. Þetta er raunsætt mat og í anda þess sem almenningur vill."

> Nú standa mál þannig að það eru ekki forsendur til að ráðast í framkvæmdir fjármagnaðar með vegtollum. Þetta er raunsætt mat og í anda þess sem almenningur vill.
> ÖGMUNDUR JÓNASSON
> INNANRÍKISRÁÐHERRA

Pétur Reimarsson, forstöðumaður hjá SA, hafnar þessum rökum ráðherra og segir tafir á stórframkvæmdum áhyggjuefni.

Pétur segir SA hafa lagt áherslu á að hægt sé að ráðast í framkvæmdir núna þar sem gjaldtaka hefjist ekki fyrr en að verki loknu.

„Okkar sýn er sú að aðstæður í samfélaginu verði þá töluvert öðruvísi en í dag og að sú viðbótargjaldtaka sem framkvæmdum fylgi verði hófleg. Þetta séu arðbærar og góðar framkvæmdir sem skipti miklu máli. Við slíka heildarendurskoðun yrði þetta hagstætt fyrir allt þjóðfélagið."

Varðandi endurskoðun á forsendum kjarasamninga segir Pétur að þetta sé hluti af heildarmyndinni.

„Þetta er þáttur í því hvort við komum hagvexti og atvinnuskköpun í gang og hvort þjóðfélagið komist út úr vandanum og það lítur ekki vel út." **- þj** / sjá síðu 4



**ANNIR Á KVENNAFRÍDEGI** Sjá mátti og reyna verklag fyrri tíma á Árbæjarsafninu í blíðunni á Kvennafrídeginum í gær. Ásta Fanney leiðbeindi Rögnu Dúu og Kolbrúnu Köru við að vinda þvott með gamla laginu og Guðrún fylgdist með. FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

Borgarstjóri fær staðgengil:

## Lögreglumaður á eftirlaunum fyrstur í laxinn

**FÓLK** Gunnlaugur Sigurðsson, sem útnefndur er Reykvíkingur ársins 2011, rennir fyrstur fyrir lax þegar veiði hefst í Elliðaánum í dag. Með því er brotin áratuga hefð fyrir því að borgarstjórinn í Reykjavík ríði á vaðið í ánum í boði Stangaveiðifélags Reykjavíkur.

Gunnlaugur, sem er 79 ára fyrrverandi lögreglumaður, býr í Fellsmúla. Nágrannar segja hann hafa haldið sameign og lóðum fjölbýlishúsanna við Fellsmúla 13 og 15 hreinum í áratugi án þess að þiggja greiðslu, auk þess að hreinsa burt illgresi við gangbrautarkanta í nágrenninu.

„Gunnlaugur hefur alla burði til þess að vera í hópi fyrirmyndar Reykvíkinga, sem láta sér annt um umhverfi sitt og stuðla jafnframt að friðsælu sambýli fólks með ólíkar skoðanir og viðhorf," segir í tilkynningu frá borgaryfirvöldum. **- gar**

Gulla Jónsdóttir arkitekt hlaut verðlaun fyrir hönnun næturklúbbs í Los Angeles:

## Endurskapar gömlu Hollywood

**FÓLK** Íslenski arkitektinn Gulla Jónsdóttir hefur fengið það verkefni að endurhanna hið fræga kvikmyndahús Grauman's Chinese Theatre í Hollywood. Húsið var vígt árið 1927 og á sér mikla sögu, þar sem Óskarsverðlaunahátíðir voru haldnar þar á árum áður. Margir tengja húsið við hina sögufrægu stétt framan við leikhúsið þar sem sjá má handarför yfir á annað hundrað stjarna í steypunni.

„Þetta er rosalega spennandi verkefni en húsið er friðað, þannig að fara verður varlega. Mig langar að endurskapa þennan gamla Hollywood-glamúr sem tilheyrir fortíðinni," segir Gulla þegar Fréttablaðið nær af henni tali.



GULLA JÓNSDÓTTIR

Gulla stendur í stórræðum því á dögunum hlaut hún verðlaun í arkitektúr í flokki næturklúbba fyrir hönnun næturklúbbsins Roxbury í Hollywood. Verðlaunin eru veitt árlega af tímaritinu Hospitality Design og þykja mikil viðurkenning. Mynd af næturklúbbnum prýðir forsíðu tímaritsins um þessar mundir. Auk þessa á Gulla í samstarfi við franska hönnuðinn Phillippe Starck um hönnun innandyra á Bellagio-hótelinu í Las Vegas. **- jma**




Fáðu uppskriftina á gottimatinn.is




Lactoghurt daily
Einstök blanda mjólkursýrugerla




Með daglegri inntöku mjólkursýrugerla getur þú stuðlað að bættri þarmaflóru, jafnað ástand meltingar-innar og komið á jafnvægi.

Ráðlagður dagskammtur er 1 hylki á dag.
Lactoghurt fæst í apótekum.

## SPURNING DAGSINS



*Arnar, er líf þitt undirlagt af nagandi ótta?*

„Nei, það er ekkert sem nagar mig.“

Arnar Tómasson er með matjurtagarð í Elliðaárdal og hefur sett þar upp snjóvarnargirðingu til að bægja frá nagandi kanínum sem leika lausum hala í dalnum.

Kjaradeila Félags íslenskra atvinnuflugmanna og Icelandair er enn í hnút:

# Vilja breytingar á vinnufyrirkomulagi

**KJARAMÁL** Samningafundur milli Icelandair og Félags íslenskra atvinnuflugmanna (FÍA) í gær skilaði ekki árangri og stendur því enn boðað yfirvinnubann FÍA sem hefst næstkomandi föstudag. Næsti fundur verður sennilega á morgun.

Í tilkynningu frá Icelandair er lýst yfir vonbrigðum með aðgerðir FÍH þrátt fyrir að fyrirtækið hafi boðið flugmönnum sínum sambærilegar hækkanir og aðrir launþegahópar hafa fengið að undanförnu.

Þar segir einnig að flug og ferðaþjónusta séu afar viðkvæm fyrir umræðu um röskun á ferðum, nú á háannatíma, og vonast fyrirtækið til þess að samningar náist án truflana.



**STEFNIR Í AÐGERÐIR** Flugmenn Icelandair hafa boðað yfirvinnubann frá og með föstudeginum, hafi samningar ekki tekist í millitíðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Hafsteinn Pálsson, formaður stjórnar FÍH, segir í samtali við Fréttablaðið að viðræðurnar séu á viðkvæmu stigi en hann telji ekki mikið bera á milli aðila. Varðandi kröfur flugmanna segir Hafsteinn að málið snúist ekki alfarið um prósentu- eða krónutöluhækkanir sem slíkar.

„Það er verið að vinna í ýmsum málum tengdum vinnufyrirkomulagi flugmanna og öðru sem miður hefur farið á síðustu misserum.“ **- þj**

Vann milljarða í sænsku lottói:

# Vinningshafi sem svarar ekki

**SVÍÞJÓÐ** Sænska lottósambandið hefur leitað árangurslaust að sigurvegara lottósins frá laugardeginum 12. júní. Hinn heppni vinningshafi vann 105 milljón sænskar krónur, sem eru tæplega tveir milljarðar íslenskra króna.

Sænska lottósambandið veit hver maðurinn er, þar sem hann keypti miðann með svokölluðu spilakorti. Hringt er í vinningshafann tvisvar sinnum á klukkutíma. Vandamálið er bara að hann svarar ekki í símann. **- mmf**



**MINNING BRÍETAR HEIÐRUÐ** Þetta er í fyrsta sinn sem Reykjavíkurborg heiðrar minningu Bríetar. FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

Blómsveigur að leiði Bríetar:

# Reykjavík heiðrar Bríeti

**JAFNRÉTTISMÁL** Forseti borgarstjórnar, Elsa Hrafnhildur Yeoman, lagði blómsveig á leiði Bríetar Bjarnhéðinsdóttur, kvenréttindakonu og bæjarfulltrúa, í Hólavallakirkjugarði í gær.

Þetta er í fyrsta sinn sem Reykjavíkurborg heiðrar minningu Bríetar og baráttukvenna fyrir kvenfrelsi.

Elsa flutti ræðu um líf og störf Bríetar og kórinn Graduale Nobili söng. Að lokinni athöfninni var boðið til kaffisamsætis að Hallveigarstöðum sem Kvenréttindasamband Íslands efndi til. **- mmf**

# Sprautufíklar þurfa að mæta skilningi

**Aðgengi HIV-smitaðra sprautufíkla að lyfjameðferð er ekki tryggt að mati Gunnlaugs I. Grétarssonar, sem sagt hefur af sér formennsku í Alnæmissamtökum Íslands. Sóttvarnalæknir segir sjúklinga ekki koma að lokuðum dyrum.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Formaður HIV-Íslands – Alnæmissamtakanna á Íslandi, Gunnlaugur Ingivaldur Grétarsson, hefur sagt af sér formennsku í félaginu. „Mér hefur ekki tekist að blása meðstjórnendum mínum í brjóst þann ákafa sem ég hef til að berjast fyrir mannréttindum HIV-smitaðra fíkla sem nota sprautubúnað,“ segir Gunnlaugur í yfirlýsingu sem hann sendi frá sér.



**GUNNLAUGUR INGVALDUR GRÉTARSSON**



**HARALDUR BRIEM**

„Alvarlegt ástand ríkir hér á landi í þessum efnum, þar sem þeim sem smitast af HIV-veirunni við að deila nálum hefur fjölgað hratt síðustu mánuði. Ég hef viljað fara af stað með gagnrýni og benda um leið á leiðir til að taka á þessari aukningu,“ segir Gunnlaugur í samtali við Fréttablaðið.

Hann segir afar brýnt að HIV-smituðum sprautufíklum sé mætt á þeirra eigin forsendum en slíkt sé ekki gert í dag.

„Sprautufíklar sem smitast þurfa að mæta skilningi og fá strax lyfjameðferð eins og allir aðrir. Það virðist vera skoðun heilbrigðisyfirvalda á Íslandi að fíklar sem nota sprautubúnað séu þess ekki umkomnir að hefja lyfjameðferð við HIV þrátt fyrir augljósan ávinning.“



**HÚSAKYNNI FÍKLA** Fjöldi HIV-smitaðra tvöfaldaðist á síðasta ári. Það sem af er þessu ári hafa ellefu einstaklingar greinst með HIV-smit. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> Sprautufíklar sem smitast þurfa að mæta skilningi og fá strax lyfjameðferð eins og allir aðrir.
>
> **GUNNLAUGUR I. GRÉTARSSON**
> FORMAÐUR HIV-ÍSLANDS

Haraldur Briem sóttvarnalæknir segir það ekki rétt að sprautufíklar fái ekki viðeigandi lyfjameðferð en hins vegar sé erfitt að viðhalda lyfjameðferð ef sjúklingur taki ekki lyfin sín og sinni ekki meðferð, eins og oft sé tilfellið með fíkla í neyslu. „Það er hins vegar ekki rétt að sjúklingar komi að lokuðum dyrum; okkar læknar reyna alltaf eftir bestu getu að sinna öllum sjúklingum og gera allt hvað þeir geta til þess,“ segir Haraldur.

Á heimasíðu HIV Íslands kemur fram að lyfjameðferð HIV-smitaðra hamli meðal annars fjölgun veirunnar í blóðinu, auk þess sem hún dragi úr hættu á smiti. Veiran getur hins vegar myndað ónæmi gegn lyfjunum ef lyfjataka er slitrótt eða dettur niður.

„Yfirlýsing Alþjóða heilbrigðisstofnunarinnar og UNAIDS um „Alheimsaðgengi núna“ er skýlaus krafa um að allir eigi rétt á lyfjameðferð gegn HIV og alnæmi. Þrátt fyrir þessa afstöðu WHO og UNAIDS er það svo hér á Íslandi, eftir minni bestu vitund, að einungis einn af þeim sprautufíklum sem greinst hafa með HIV og enn eru í neyslu sé byrjaður á lyfjameðferð,“ segir Gunnlaugur.

juliam@frettabladid.is

# Karlmaður fannst látinn

Karlmaður um fimmtugt fannst látinn tæpa tvo kílómetra frá sumarhúsi sínu við Selsund við Heklurætur á tíunda tímanum á laugardagskvöld. Talið er að maðurinn hafi orðið bráðkvaddur.

Maðurinn fór frá sumarhúsi sínu og ætlaði að hlaupa til Hellu, sem er í um 25 til 30 kílómetra fjarlægð, og hitta fjölskyldu sína. Maðurinn var vanur langhlaupum og í góðu formi.

Þegar hann skilaði sér ekki til Hellu var farið að grennslast fyrir um hann. Leit hófst fljótlega eftir hádegi. Kallað var eftir aðstoð Landhelgisgæslunnar og tvær þyrlur tóku þátt í leitinni.

Ekki er hægt að greina frá nafni mannsins á þessari stundu.



**HÆKKUN Á MARKAÐI** Vísitala íbúðaverðs hefur hækkað um 4,3 prósent á hálfu ári. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Þróun á fasteignamarkaði:

# Vísitala íbúðaverðs hækkar

**FASTEIGNIR** Vísitala íbúðaverðs á höfuðborgarsvæðinu var 319,6 stig í maí og hækkar þannig um 2,7 prósent frá fyrri mánuði, að því er fram kemur á vef Þjóðskrár Íslands.

Þar kemur fram að síðastliðna þrjá mánuði hafi vísitalan hækkað um 3,7 prósent; síðastliðna sex mánuði hækkaði hún um 4,3 prósent og síðastliðna tólf mánuði hækkaði vísitalan um 3,5 prósent. **- þj**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Ógnaði með hnífi

Lögreglan handtók í gær mann sem hafði veist að starfsmönnum og viðskiptavinum Nóatúns í Austurveri. Maðurinn var vopnaður hnífi. Hann var handsamaður skammt frá Grensáskirkju þar sem hann var í óða önn að rífa niður íslenska fánann sem blakti þar við hún.

## SKAFTÁRHREPPUR

### Hætt við jarðarsölu

Vegna óvissu um beitiland og vatnaveitingar á áhrifasvæði Skaftár hefur sveitarstjórnin hætt við áður ákveðna sölu á jörðinni Á og leigja hana frekar út. Þrjú kauptilboð bárust, þar af tvö í jörðina alla. Annað var upp á 12,9 milljónir króna og hitt upp á 13 milljónir.


Úrval af málverkum
Frábær verð



Gallery Art2b
Erum á móti IKEA
Kauptún 3 - Garðabær - S. 5 800 800 - www.art2b.is


Gjaldeyrisforði Grikklands verður fljótlega upp urinn verði ekki gripið til aðgerða:

# Vill þjóðarsátt í Grikklandi

**GRIKKLAND** Georgios Papandreú, forsætisráðherra Grikklands, hefur beðið gríska þingið að hvetja til þjóðarsáttar vegna skuldavanda landsins, að því er fram kom í fréttum breska ríkisútvarpsins. Papandreú sagði að gjaldeyrisforði landsins yrði fljótlega verða urinn ef stjórnmálamenn gripu ekki til sinna ráða.

Fjármálaráðherrar evrusvæðisins ætla að koma saman til fundar í Lúxemborg. Þar munu þeir ræða veitingu láns til Grikklands, en Grikkir þarfnast lánsins til þess að koma í veg fyrir vanskil á lánum sínum. Lánið er skilyrt þannig að ríkisstjórnin þarf að framkvæma erfiðar aðhaldsaðgerðir sem hafa valdið mótmælum á götum úti á höfuðborginni.

Papandreú stokkaði upp í ríkisstjórn sinni á föstudag þannig að fyrrverandi varnarmálaráðherra, Evangelos Venizelos, kom í stað fjármálaráðherrans, Georgios Papakonstantinú. Aðgerðin hafði jákvæð áhrif á hlutabréf grískra banka en friðaði ekki almenning.



**GRIKKIR MÓTMÆLA** Papandreú sagði að endurbætur væru nauðsynlegar á grísku stjórnmálakerfi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Papandreú sagði að endurbætur væru nauðsynlegar á grísku stjórnmálakerfi og boðaði þjóðaratkvæðagreiðslu seinna á árinu auk mögulegra breytinga á stjórnarskránni. **- mmf**



iPhone og iPad
hjá Nova!
3.000 kr. símnotkun á mánuði í 12 mán. fylgir iPhone 4 hjá Nova!
6.990 kr. á mán. í 18 mán.
iPhone 4 (16 GB)*
*Hvítur iPhone: +5.000 kr. útborgun!
Svartur iPhone stgr.: 124.990 kr.
Hvítur iPhone stgr.: 129.990 kr.
6.990 kr. á mán. í 18 mán.
iPad 2 (16 GB)
1 GB í 1 mán. fylgir!
Stgr.: 114.990 kr.
Stærsti skemmtistaður í heimi!
NOVA
Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla,
MM Selfossi og á Glerártorgi Akureyri | Þjónustuver 519 1919
www.nova.is | m.nova.is | Facebook | Twitter
3.000 kr. símnotkun fylgir með 0 kr. Nova í Nova og Eitt verð í alla, áskrift og frelsi. Mánaðarleg afborgun greidd
með kreditkorti + 250 kr./mán. greiðslugjald. Það er ódýrara að staðgreiða og þá þarf ekki kreditkort.

**GENGIÐ 16.06.2011**

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 116,59 | 117,15 |
| Sterlingspund | 187,83 | 188,75 |
| Evra | 164,39 | 165,31 |
| Dönsk króna | 22,039 | 22,167 |
| Norsk króna | 20,924 | 21,048 |
| Sænsk króna | 17,896 | 18,000 |
| Japanskt jen | 1,4444 | 1,4528 |
| SDR | 184,74 | 185,84 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
**220,5547**

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Krefjast þess að framkvæmdir hefjist við Suðurlandsveg strax, óháð andstöðu almennings við vegtolla:

# Sunnlendingar sitji við sama borð og aðrir

**SAMGÖNGUR** Sveitarstjórnarfólk á Suðurlandi segir andstöðu almennings við vegtolla ekki þurfa að standa nauðsynlegum vegaframkvæmdum fyrir þrifum. Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra sagði að loknum fundi með aðilum vinnumarkaðarins í gær að sökum andstöðu almennings og atvinnurekenda væru ekki forsendur til að ráðast í stórframkvæmdir á grundvelli vegtolla.

Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri í Hveragerði, segir ótrúlegt að ekki skuli enn vera hafnar framkvæmdir við Suðurlandsveg.



ALDÍS HAFSTEINSDÓTTIR

„Það má áfangaskipta þessu meira en hingað til hefur verið ráðgert og hefja þannig framkvæmdir strax, þrátt fyrir að þær muni taka lengri tíma. Það má svo bæta því við að vegfarendur borga í dag háar upphæðir til ríkisins, til dæmis í formi eldsneytisskatta, sem fara að stóru leyti í aðra málaflokka."

Aldís segir „órofa samstöðu" meðal sveitarstjórnarfólks á Suðurlandi um að íbúar svæðisins skuli sitja við sama borð og aðrir landsmenn hvað varðar fjármögnun nauðsynlegra vegaframkvæmda.

„Það er skilyrðislaus krafa okkar. Að öðrum kosti hljótum við að gera ráð fyrir því að allar vegaframkvæmdir á Íslandi verði héðan í frá fjármagnaðar með vegtollum, hvort sem um er að ræða innanbæjar í Reykjavík, yfir Hellisheiðina, eða hvar sem er á landinu." - þj



**VILJA HEFJA FRAMKVÆMDIR** Sveitarstjórnarfólk á Suðurlandi vill að framkvæmdir hefjist strax við Suðurlandsveg. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Hagfræðingar gætu reiknað þjóðina burt

**Formaður sjávarútvegsnefndar segir stjórnarflokkana áfram byggja á frumvarpi um fiskveiðistjórnum þrátt fyrir gagnrýni sérfræðihóps. Sú hagfræði að það borgi sig ekki að sækja sjó frá stöðum næst fiskimiðunum sé óskiljanleg.**

**STJÓRNMÁL** „Eflaust er eitthvað sem má endurskoða en ég tel að við munum byggja á þeim grunni sem þarna er til staðar," segir Lilja Rafney Magnúsdóttir, formaður sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar Alþingis, um niðurstöður sérfræðihóps sjávarútvegsráðherra um hagræn áhrif frumvarps hans um fiskveiðastjórn.

Sérfræðihópurinn segir þær breytingar sem felist í frumvarpi Jóns Bjarnasonar sjávarútvegsráðherra vegi að rekstri og stöðu sjávarútvegsfyrirtækja og draga úr arðsemi af fiskveiðum. Hægt væri að styrkja byggðir með öðrum hætti en að beina þangað veiðiheimildum. Undir þetta tók Björn Valur Gíslason, flokksbróðir Lilju í sjávarútvegsnefnd, í Fréttablaðinu á laugardag. Nýta mætti arðinn af fiskveiðiauðlindinni til að búa til ný atvinnutækifæri.

Lilja segir að líta verði á heildarmyndina, sem hafi fleiri víddir en aðeins fjárhagslegar.

„Kannski ætti hrunið að kenna okkur það að við þurfum að horfa á hlutina út frá fleiri þáttum en bara köldum markaðshyggjulögmálum. Þeir landshlutar sem liggja vel að miðunum verða að geta treyst því að þeir geti byggt afkomu sína í grunninn á sjávarútvegi og vinnslu og þjónustugreinum sem snúa að þeim geira," segir hún og undirstrikar mikilvægi þess að horft sé á málið í stóru samhengi:

„Við getum alveg látið reikna það út að einhver 300 þúsund manns á eyju út í ballarhafi gætu verið einhvers staðar allt annars staðar og látið togara Evrópusambandsins sækja fisk í sjó við strendur Íslands. Það væri alveg hægt að gera þannig hagfræðilega úttekt og sýna fram á að það borgaði sig ekki fyrir okkur eyjarskeggja að vera yfirhöfuð uppi á þessu skeri," segir Lilja.

Greinargerð sérfræðihóps sjávarútvegsráðherra verður nú að sögn Lilju vegin inn í heildarendurskoðun á kerfinu. Fengnar verði fleiri umsagnir í sumar. Síðan verði nýtt frumvarp lagt fram í október.

„Byggt verður á þeirri stefnu beggja ríkistjórnarflokkanna að endurskoða fiskveiðistjórnunarkerfið með heildarhagsmuni þjóðarinnar í huga," segir Lilja og ítrekar að hún telji fráleitt að ætla að segja við fólk á svæðum sem liggi vel við sjósókn að reiknað hafi verið út á borðum hagfræðinga að ekki borgi sig að þessi byggðarlög hafi atvinnu af sjósókn.

„Ég er ekki farin að sjá að það borgi sig að þær byggðir sem liggja vel að fiskimiðunum hafi ekki möguleika á að draga afla í land – það er þá einhver hagfræði sem ég skil ekki." gar@frettabladid.is



**LILJA RAFNEY MAGNÚSDÓTTIR** Formaður sjávarútvegsnefndar, sem hér sést í brúnni á leið á sjóstöng frá Suðureyri við Súgandafjörð, segir það sína hugmyndafræði að sjávarútvegsbyggðarlög eigi að hafa möguleika á sjósókn til að skapa sér grundvöll. MYND/ÚR EINKASAFNI

Hátt settir minntust Bonner:

## Jelena Bonner lést á laugardag

**RÚSSLAND Rússneski aðgerðarsinninn Jelena Bonner er látin eftir langvinn veikindi, 88 ára að aldri. Lést hún í Bandaríkjunum á laugardag.**



JELENA BONNER

**Bonner var virk í baráttu fyrir mannréttindum í Sovétríkjunum á sjöunda áratug síðustu aldar. Árið 1972 giftist hún kjarnorkuvísindamanninum Andrei Sakharov, sem vann friðarverðlaun Nóbels þremur árum seinna.**

**Hátt settir evrópskir stjórnmálamenn minntust á laugardag baráttu Bonner fyrir mannréttindum.** - mmf

Norðurbandalagið á Ítalíu:

## Setur Berlusconi úrslitakosti

**ÍTALÍA, AP** Umberto Bossi, formaður Norðurbandalagsins á Ítalíu, hefur sett forsætisráðherranum Silvio Berlusconi afarkosti fyrir áframhaldandi samstarfi.



UMBERTO BOSSI

Berlusconi hefur beðið hvert áfallið á fætur öðru undanfarna mánuði en Bossi segir engu að síður að óskynsamlegt sé að efna til kosninga nú.

Í ræðu á ársfundi Noðurbandalagsins í gær setti hann ströng skilyrði fyrir framtíðarstuðningi.

Bossi krefst þess meðal annars að skattar lækki, tvö ráðuneyti hið minnsta verði flutt til norðurhluta landsins og hernaði verði hætt í Líbíu. - þj

Háskólinn í Reykjavík:

## Framlag frá atvinnulífinu

**MENNTAMÁL** Háskólinn í Reykjavík hefur tekið við 200 milljóna króna framlagi sem ætlað er til eflingar starfsemi og rannsókna innan skólans. Frá þessu greindi rektor Háskóla Reykjavíkur, Ari Kristinn Jónsson, í ræðu sinni við brautskráningu 470 nemenda frá skólanum á laugardag.



ARI K. JÓNSSON

Bakhjarlar skólans standa að framlaginu, Samtök iðnaðarins, Samtök atvinnulífsins og Sjálfseignarstofnun Viðskiptaráðs Íslands um viðskiptamenntun. Í ræðu Ara kom fram að háskólinn í Reykjavík útskrifaði tvo af hverjum þremur sem lykju tæknimenntun á háskólastigi. - jma

Fyrrverandi bæjarstjóri:

## Hjólar til styrktar fötluðum

**HEILBRIGÐISMÁL Þórir Kr. Þórisson, fyrrverandi bæjarstjóri í Fjallabyggð, hyggst hjóla frá Seltjarnarnesi til Siglufjarðar og hefst ferðin á morgun. Þórir hjólar til styrktar Iðju, dagvist á Siglufirði sem veitir fötluðum einstaklingsmiðaða dagþjónustu.**

**Markmið ferðarinnar er að vekja athygli á starfsemi Iðju og safna fyrir svokölluðu „skynörvunarherbergi", sem er mikilvægt hjálpartæki við þjálfun fatlaðra, en vegna fjárskorts hefur ekki tekist að innrétta slíkt.**

**Hægt verður að styrkja söfnunina með því að leggja inn á reikningsnúmer: 1102-05-402699, kt. 580706-0880 í Sparisjóði Siglufjarðar.** - jma




## VEÐURSPÁ



**Snjólaug Ólafsdóttir** veðurfréttamaður

**ÁGÆTT** Fremur hæg N- og NA-læg átt víðast hvar næstu daga. 5-15 stig að deginum, hlýast SV-lands. Líkur á næturfrosti í innsveitum NA-lands. Gera má ráð fyrir einhverjum skúrum SV-lands næstu daga.



Á MORGUN Fremur hægur vindur víðast hvar.

MIÐVIKUDAGUR Fremur hægur vindur víðast hvar.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 27° |
| Basel | 25° |
| Berlín | 20° |
| Billund | 16° |
| Frankfurt | 18° |
| Friedrichshafen | 23° |
| Gautaborg | 19° |
| Kaupmannahöfn | 19° |
| Las Palmas | 27° |
| London | 19° |
| Mallorca | 28° |
| New York | 27° |
| Orlando | 36° |
| Ósló | 20° |
| París | 23° |
| San Francisco | 25° |
| Stokkhólmur | 18° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is*, Ívar Örn Hansen *ivarorn@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR/FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*, **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason *einar.skulason@365.is*

# Viðhald

## fasteigna og þakviðgerðir

## Pace aðferðin



Háþrýstiþvottur



Ryðleysir



Þéttingar



Viðgerðir



Gúmmíhúðun



Þak eftir meðhöndlun

- Löggiltir PACE verktakar.
- Þakviðgerðir og málun.
- Ryð og lekavarnir.
- Grindverk og pallar.
- Viðhald sumarhúsa.

Pace aðferðin tryggir þér 100% vatnshelt og ryðlaust þak. Við komum og gerum fría ástandsskoðun. Tryggjum viðloðun og vatnsheldni í 10 ár.

**Byggingarfélagið Reisir ehf.**

**773 4441**

reisir@reisir.is · www.reisir.is

*Við tökum að okkur allt viðhald fasteigna.*

*Auglýsingin gildir sem 20.000.- kr. inneign á Pace aðferðina (þök) ef tilboði okkar er tekið.*

**KJÖRKASSINN**



*Er kvótafrumvarpi Jóns Bjarnasonar við bjargandi?*

| | |
|---|---|
| Já | 36,8% |
| Nei | 63,2% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Eiga kanínur tilverurétt í íslenskri náttúru?*

Segðu þína skoðun á visir.is

Eigandi hársnyrtistofu ætlar að kvarta undan framgangi Neytendastofu:

# Ósáttur við að vera sektaður

**NEYTENDUR** Sigurður Kristinsson, eigandi Team Hairstudio, er afar ósáttur við framgang verðlagseftirlits Neytendastofu. Stofan fékk fimmtíu þúsund króna sekt í lok mars sökum þess að verðmerkingum var ábótavant.

„Það kom hingað starfsmaður frá Neytendastofu og gerði athugasemdir við verðmerkingar. Síðan kemur hann aftur og ítrekar málið. Við settum þá upp verðlista daginn eftir. Þrátt fyrir það fengum við 50 þúsund króna sekt 31. mars,“ segir Sigurður. „Það kom enginn starfsmaður Neytendastofu til þess að kanna hvort við værum búin að setja upp verðlista. Við erum mjög ósátt.“



SIGURÐUR KRISTINSSON

Sigurður hringdi á Neytendastofu um leið og sektin barst og segir að þar hafi mætt sér kuldalegt viðmót. „Þau vilja fá skriflega kvörtunarbeiðni, sem ég mun senda. Þetta er Neytendastofu hreinlega til skammar.“

Þórunn Anna Árnadóttir hjá verðlagseftirliti Neytendastofu segir ástæðu sektarinnar þá að enginn hafi svarað fyrirspurn Neytendastofu um hvort búið væri að koma verðmerkingum í samt lag.

„Við fórum tvisvar í heimsókn og sendum tvisvar bréf,“ segir hún. „Við fórum fram á skrifleg svör, þau bárust ekki og því sektuðum við.“

Þórunn segir eigendur Team Hairstudio geta farið með málið til áfrýjunarnefndar neytendamála. „En mál sem við höfum unnið með þessum hætti hafa ekki verið felld úr gildi,“ segir Þórunn. - sv

Sviplegur dauði í Danmörku:

# Lést eftir högg á skemmtistað

**DANMÖRK** Nítján ára piltur lét lífið á Ríkisspítalanum í Kaupmannahöfn í gærmorgun eftir átök á skemmtistað.

Hann hlaut hnefahögg í höfuðið og virðist hafa lent illa með fyrrgreindum afleiðingum.

Í tilkynningu frá lögreglu í gær voru leiddar líkur að því að hann hefði látist af innvortisáverkum.

Árásarmaðurinn hvarf af vettvangi en annar nítján ára piltur gaf sig fram við lögreglu um hádegisbilið vegna málsins og er í varðhaldi. - þj

Bandarísk stjórnvöld:

# Hefja viðræður við talibana

**BANDARÍKIN** Robert Gates, varnarmálaráðherra Bandaríkjanna, hefur staðfest að bandarísk stjórnvöld eigi nú ásamt fulltrúum annarra ríkja í viðræðum við talibana í Afganistan um hvernig hægt sé að binda enda á stríðsátökin í landinu. Hann ítrekar að þrátt fyrir viðræðurnar megi ekki búast við því að brottflutningur bandaríska hermanna frá Afganistan gangi hraðar fyrir sig.



ROBERT GATES

Stríðið í Afganistan hefur staðið yfir í um tíu ár og hefst brottflutningur bandaríska hermanna í næsta mánuði.

Vilja skýringar húseigenda:

# Hús þandist út fyrir teikningar

**SKIPULAGSMÁL Eigendur húss við Fjallalind í Kópavogi þurfa nú að standa skil á alls kyns framkvæmdum sem ekki eru í samræmi við samþykktar teikningar.**

**Á síðasta fundi skipulagsnefndar Kópavogs voru þessi atriði færð til bókar. Kemur fram að stoðveggur nær út fyrir lóðarmörk, steypt mannvirki, veggir og plata norðvestan við húsið þykja benda til að verið sé að byggja bílskúr í leyfisleysi, gluggar á svokölluðu útgröfnu rými og benda til að það verið tekið í notkun. Þá er umfang svala og súlur við þær í ósamræmi við teikningar. Skúr og „framkvæmd“ við eitt horn hússins eru heldur ekki á teikningum.** - gar

# Kröfuhafar ósáttir við söluferlið á Byr

**Ekkert er athugavert við að hjón sitji beggja vegna borðs við sölu á bankanum, að mati stjórnar Byrs. Tveir af ráðgjöfum Arctica Finance sem unnið hafa að söluferlinu voru yfirheyrðir vegna milljarðamillifærslna frá Landsbankanum.**

**VIÐSKIPTI** Kröfuhafar Byrs sparisjóðs eru mjög ósáttir við framferði stjórnar nýja Byrs og saka hana um að halda frá þeim upplýsingum um afkomu bankans. Þá segja kröfuhafar stjórnina hafi stigið á tær þeirra með því að grípa inn í val slitastjórnar og kröfuhafaráðs á ráðgjöfum sem áttu að sjá um sölu á bankanum.

Eins og fram hefur komið ákvað stjórnin að ganga til samninga við fjármálafyrirtækið Arctica Finance um söluna. Stefán Þór Bjarnason, framkvæmdastjóri og einn eigenda Arctica Finance, er eiginmaður Evu Bryndísar Helgadóttur, formanns slitastjórnar Byrs. Móðurbróðir hennar er stjórnarformaður Arctica Finance og jafnframt í hópi eigenda fyrirtækisins.

Áætlað er að þóknun Arctica Finance við söluferlið geti legið á milli sjötíu og 140 milljóna króna.

Kröfuhafar Byrs sparisjóðs eiga 95 prósenta hlut í nýja Byr. Þeir hafa ekki fengið eignarhlut sinn afhentan heldur er hann í umsjón fjármálaráðuneytis. Eins og fram kom í Fréttablaðinu í vikunni hefur ráðuneytið ekki kallað eftir upplýsingum um val stjórnar Byrs á ráðgjöfum við söluferlið. Stjórn Byrs telur ekkert óeðlilegt við það að Arctica Finance hafi orðið fyrir valinu þrátt fyrir fjölskyldutengslin.

Slitastjórnin boðaði fjögur fjármálafyrirtæki á fund í Lundúnum í mars með það fyrir augum að velja ráðgjafa við söluna á Byr. Fyrirtækin sem þar kynntu starfsemi sína voru Arctica Finance, H.F. Verðbréf, Straumur og breska ráðgjafafyrirtækið THM.




**FRAMAN VIÐ ÞRÖSKULD BYRS** Kröfuhafar segja stjórn nýja Byrs troða sér um tær. Þeir hafi engar upplýsingar um afkomu bankans og fái lítið að segja um söluferli hans. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Tveir ráðgjafar huldumenn með netföng

Jón Þorsteinn Oddleifsson, fyrrverandi forstöðumaður fjárstýringar hjá gamla Landsbankanum, og Þórir Örn Ingólfsson, fyrrverandi yfirmaður áhættustýringar hjá sama banka, eru á meðal þeirra fjögurra ráðgjafa Arctica Finance sem komið hafa að söluferlinu á Byr. Þeir eru ekki á skrá yfir starfsmenn Arctica Finance en eru með tölvupóstföng fyrirtækisins. Þeir voru báðir handteknir í janúar síðastliðnum og yfirheyrðir í tengslum við rannsókn embættis sérstaks saksóknara á 35 milljarða króna millifærslum frá Landsbankanum til fjárfestingarbankans Straums og MP banka þremur mínútum áður en Geir H. Haarde flutti ávarp þar sem hann Guð að blessa þjóðina í október 2008. Jón Þorsteinn kemur víða við í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis. Þar er hann sagður lykilmaður í ástarbréfaviðskiptunum við Seðlabanka Íslands. Viðskiptin leiddu til þess að Seðlabankinn varð tæknilega gjaldþrota.

Fyrir hálfum mánuði ákvað stjórn Byrs hins vegar að semja við Arctica Finance. Þolinmæði fulltrúa breska ráðgjafafyrirtækisins mun vera á þrotum og funduðu þeir nýverið með Árna Páli Árnasyni, efnahags- og viðskiptaráðherra, vegna málsins.

Kröfuhafar Byrs segjast hafa viljað að slitastjórnin fengi að sjá um söluna. Stjórn nýja Byrs hafi hins vegar skilið kröfuhafa eftir úti í kuldanum.

Ekki er vitað til þess að stjórn nýja Byrs hafi átt í viðræðum við önnur fjármálafyrirtæki en Arctica Finance um ráðgjöf við söluferlið. Eftir því sem næst verður komist var þeim ekki kunnugt um viðræður slitastjórnar við fjármálafyrirtækin fjögur í Lundúnum.

jonab@frettabladid.is



**STYRKTI VINÁTTU** Frú Vigdís Finnbogadóttir hlaut verðlaun Jóns Sigurðssonar forseta.

Hátíð haldin í Jónshúsi:

# Vigdís tók við verðlaunum

**VERÐLAUN Frú Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti Íslands, hlaut verðlaun Jóns Sigurðssonar forseta árið 2011. Hátíð Jóns Sigurðssonar var haldin í Jónshúsi í Kaupmannahöfn í gær.**

**Ásta R. Jóhannesdóttir, forseti Alþingis, afhenti verðlaunin. Alþingi veitir verðlaunin í minningu starfa Jóns forseta í þágu Íslands og Íslendinga.**

**Frú Vigdís Finnbogadóttir fékk verðlaunin meðal annars fyrir að efla og styrkja vináttu milli Íslands og Danmerkur sem ötull talsmaður menningarsamskipta þjóðanna.** - mmf

Minna selst af kjöti:

# Meira selt af nautakjöti í maí

**NEYTENDUR** Sala á nautakjöti jókst um 2,8 prósent í maí miðað við sama mánuð í fyrra, að því er fram kemur í yfirliti Bændasamtaka Íslands. Á sama tíma jókst framleiðsla einnig um 1,4 prósent en fleiri virkir dagar voru í maí í ár en í fyrra.

Framleiðsla og sala nautakjöts hefur hins vegar minnkað sé horft til síðustu þriggja mánaða, miðað við árið 2010. Framleiðsla hefur minnkað um 0,5 prósent og sala um 1,4 prósent. Heildarsala annarra kjöttegunda hefur einnig minnkað. - mmf




# AFNEMUM SKATT

**GILDIR TIL 29. JÚNÍ**

## af ÖLLUM barnafatnaði og barnaskóm*

* Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 25,5% virðisaukaskatt af þessari sölu.
Verðlækkunin er alfarið á kostnað Hagkaups.




Skorum á ríkisvaldið að endurskoða álagningu virðisaukaskatts á barnafatnaði



HAGKAUP
Ein ferð betra verð

## VEISTU SVARIÐ?



1 *Hver er forseti Sýrlands?*

2 *Hver er nýkjörinn formaður Kvenréttindafélags Íslands?*

3 *Edduhótelin héldu upp á stórafmæli um helgina. Hvað eru hótelin gömul?*

**SVÖR**

*1. Bashar Assad 2. Helga Guðrún Jónsdóttir 3. Edduhótelin eru fimmtíu ára*

Kaþólska kirkjan bendir fórnarlömbum kynferðisbrota á að leita til yfirvalda:

# Vilja aðstoða við að upplýsa málin

**TRÚMÁL** Pétur Bürcher, biskup kaþólsku kirkjunnar á Íslandi, hafnar því að kaþólska kirkjan hafi þagað þunnu hljóði þrátt fyrir vitneskju um kynferðislegt ofbeldi innan kirkjunnar.

Kaþólski biskupinn sendi frá sér yfirlýsingu á föstudagskvöld vegna umfjöllunar Fréttatímans um kynferðisofbeldi sem fyrrverandi nemendur við Landakotsskóla höfðu orðið fyrir af hálfu skólastjórans, kennara og samstarfskonu.

Í yfirlýsingunni kemur jafnframt fram að síðastliðinn vetur hafi biskup kaþólsku kirkjunnar fengið bréf þar sem lýst var kynferðislegri áreitni eins af prestum kirkjunnar, sem var nýlátinn. „Þá kom fram í bréfinu að bróðir viðkomandi [brotaþola] hafi orðið fyrir áreitni af hálfu fyrrum skólastjóra Landakotsskóla og samstarfskonu hans.“



PÉTUR BÜRCHER

Í framhaldinu bentu fulltrúar kaþólsku kirkjunnar þolanda hinna meintu brota á að leita til yfirvalda og myndi kirkjan veita alla þá aðstoð sem unnt væri til að upplýsa málið.

Biskup var boðaður til fundar í innanríkisráðuneytinu þar sem gerð var grein fyrir viðbrögðum við bréfinu og upplýsti hann að kirkjan ynni að gerð samræmdrar viðbragðsáætlunar við kynferðisbrotum í samráði við biskupa annarra Norðurlanda. Þá áréttar biskup að kaþólska kirkjan líti mál af þessum toga mjög alvarlegum augum. **- mmf**

Hreinsunarátak á Ströndum:

# Kvennakór tínir rusl við vegina

**UMHVERFISMÁL** Fyrirtæki, stofnanir og íbúar í Strandabyggð eru nú hvött til að taka þátt í hreinsunarátaki.

„Kvennakórinn Norðurljós reið á vaðið með rusltínslu meðfram vegum á vegum Vegagerðarinnar og Vinnuskólinn í Strandabyggð fegrar umhverfið á hverjum degi. Þá hefur fjöldi íbúa lagt hönd á plóg með hreinsun í kringum bæi, tún og fjörur og í kringum íbúðarhús og götur á Hólmavík sem er til fyrirmyndar,“ segir á heimasíðu Strandabyggðar. **- gar**



**ARNARNES** Kaffi og veitingar verða í boði um helgar í sumar.

Útikaffihús við Arnarnesvog:

# Boðið upp á einfaldan mat

**GARÐABÆR Útikaffihús verður starfrækt við Arnarnesvoginn í Garðabæ um helgina og um næstu helgi. Sett hefur verið upp tjald og boðið verður upp á einfaldan mat þessar helgar frá fimmtudegi til sunnudags. Veitingastaðurinn Himinn og haf rekur kaffihúsið, en lóðin við Arnarnesvoginn hefur verið úthlutuð eigendum kaffihússins undir veitingastað.**

**Unnið er að fjármögnun veitingastaðarins, sem á að vera með gott útisvæði enda eru fjölmargar gönguleiðir í kring.** **- þeb**

Danskir karlar koma illa út úr heilbrigðiskönnun:

# Tíðni krabbameins og sykursýki er há

**DANMÖRK** Danskir karlar eru í áhættuhópi hvað varðar krabbamein og áunna sykursýki og lifa skemur en kynbræður þeirra í nágrannaríkjunum.

Skýrsla á vegum Evrópusambandsins var birt nýlega og tók til ástandsins í 33 löndum. Þar kom í ljós að karlar eru almennt við verri heilsu en konur og er þar mörgu um að kenna. Til dæmis eru konur líklegri til að leita til læknis og ef menn fara yfirhöfuð í læknisskoðun er það oft of seint.

Það sem er mest sláandi varðandi heilsufar danskra manna er tíðni krabbameins, en þarlendum mönnum er afar hætt við að fá krabbamein í endaþarm, eistu og blöðruhálskirtil.

> Við höfum ekki gert nóg.
>
> **SVEND AAGE MADSEN**
> YFIRLÆKNIR Á RÍKISSJÚKRAHÚSINU

„Við höfum ekki gert nóg,“ sagði Svend Aage Madsen, yfirlæknir á Ríkissjúkrahúsinu, í samtali við Berlingske tidende. „Sjúkdómurinn uppgötvast síðar og dánartíðni er hærri en í öðrum löndum. Málin standa ekki vel í Evrópu, en sérlega illa í Danmörku.“

Félagsskapur um heilbrigðismál karlmanna þar í landi segir bráða þörf vera á sérstakri heilbrigðisstefnu fyrir karlmenn, bæði hvað varðar fræðslu og meðhöndlun. **- þj**



**FISKUR FÆRÐUR TIL HAFNAR** Alþjóð umhverfisvottun Marine Stewardship Council opnar íslenskum fyrirtækjum dyr á erlenda stórmarkaði, segir Gísli Gíslason ráðgjafi.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN




# Fyrstu vottun MSC landað

**Alþjóðleg umhverfisvottun á sjávarfangi opnar útflutningsfyrirtækjum dyr á erlendum mörkuðum. Áhuginn hér hefur glæðst mikið. Sæmark fær merki Sjávarnytjaráðsins í þessari viku.**

**SJÁVARÚTVEGUR** „Þetta er mjög góð viðurkenning enda teljum við að fleiri fyrirtæki muni sækjast eftir umhverfisvottun,“ segir Gísli Gíslason, ráðgjafi hjá Sjávarnytjaráðinu, Marine Stewardship Council (MSC), á Íslandi.



GÍSLI GÍSLASON

MSC í Evrópu og Gísli hafa gert nýjan samning um samstarf sem felur í sér að Gísli mun starfa áfram fyrir MSC hér auk þess að vera tengiliður Sjávarnytjaráðsins við Færeyjar.

MSC vottar að fiskur komi úr stofnum sem nýttir eru á sjálfbæran hátt. Alþjóðanáttúruverndarsjóðurinn (WWF) og stórfyrirtækið Unilever stofnuðu Sjávarnytjaráðið árið 1966 í því augnamiði að þrýsta á um umbætur í fiskveiðistjórnun og auka eftirspurn eftir sjávarfangi úr sjálfbærum veiðum. MSC lítur heildrænt á fiskveiðar, ástand fiskistofna og aðferðir við að ná aflanum. Merki ráðsins er á vottuðum vörum.

Gísli segir áhuga íslenskra fyrirtækja á vottun MSC skýrast af því að hún opni þeim dyr að erlendum mörkuðum.

Sæmark sjávarafurðir í Reykjavík fær afhent fyrstu umhverfisvottun MSC hér á landi á fimmtudag. Vottunin er veitt eftir úttekt íslenskra sérfræðinga á nokkrum fiskveiðiútgerðum undir forystu Sæmarks. Fyrirtækin gera út á handfæri, línu og dragnót. Vottunin gerir Sæmarki kleift að selja þorsk og ýsu erlendis með merki MSC. Umsókn útflutningsfyrirtækisins Icelandic Group er enn í ferli hjá MSC en fyrirtækið sótti um vottun fyrir þorsk og ýsu fyrir öll veiðarfæri og á öllum miðum. Norsk vottunarstofa vinnur að úttektinni.

> Þeir vilja hafa vissu fyrir því að fiskurinn sem þeir kaupa sé úr vel nýttum fiskistofnum....
>
> **GÍSLI GÍSLASON**
> RÁÐGJAFI

Umhverfisvottun MSC nær um heim allan og getur nærri að tíu prósent af öllum heimsveiðum séu ýmist þegar með hana eða umsókn um slíkt í ferli. Sem dæmi eru þorskveiðar í Noregi vottaðar og veiðar í Eystrasalti og Norðursjó ýmist í ferli eða komnar með vottun.

Í byrjun mánaðar báru tíu þúsund vörur merki MSC í 74 löndum.

„Þetta er orðin krafa margra stórmarkaða erlendis. Þeir vilja hafa vissu fyrir því að fiskurinn sem þeir kaupa sé úr vel nýttum fiskistofnum og gera kröfu um að fyrirtæki geti sýnt fram á að stofnarnir séu sjálfbærir,“ segir Gísli Gíslason.

**jonab@frettabladid.is**

Tilboðs dagar
20-30%
afsláttur af öllum vörum

skovby

Afar vandað stækkanlegt borð fyrir 6-20 manns. Ljós eik, massív sápuþvegin eik, kirsuber,tekk og hnota
Hönnuður: Per Hansbæk

Komdu og gerðu frábær kaup!
Borðstofuhúsgögn
Sófar og sófasett
Hornsófar
Svefnsófar
Hvíldarstólar

FULL BÚÐ AF NÝJUM VÖRUM

Eitt mesta úrval landsins af hvíldarstólum

Italsofa

Val húsgögn
Ármúla 8 - 108 Reykjavík
Opið virka daga kl. 10-18 Sími 581-2275 ■ 568-5375
www.valhusgogn.is


Fólk sem tapaði á hlutabréfakaupum stefnir ríkinu:

# Forkastanleg vinnubrögð

**DÓMSMÁL** Hópur fólks sem tapaði milljörðum á kaupum hlutabréfa í Glitni vikuna fyrir þjóðnýtingu bankans hyggst stefna ríkinu. Hópurinn segist hafa verið rændur, þar sem ráðamönnum hafi verið grafalvarleg staða bankakerfisins ljós en engu að síður leyft kaup og sölu á hlutabréfum í bankanum. Frá þessu var greint í fréttum Stöðvar 2 í gærkvöld.

Hinn 29. september 2008 ákvað íslenska ríkið að leggja Glitni til nýtt hlutafé að upphæð 600 milljónir evra og varð með því eigandi 75 prósenta hlutar í bankanum. Þetta var Glitnisleiðin svokallaða og töldu margir að bankanum hefði þar með verið bjargað. Glitnir féll um viku síðar.

Guðmundur Jón Matthíasson, sem fer fyrir hópnum, sagði í fréttum Stöðvar 2 að það væri forkastanlegt að ríkið og stofnanir á borð við Fjármálaeftirlit og Seðlabanka skyldu hafa opnað fyrir viðskipti með bréf í bankanum á sama tíma og óvissa hefði ríkt um framtíð bankans. „Hvers á fólkið á götunni að gjalda,“ spyr Guðmundur.



**LÍFSHLAUP JÓNS** Björg Brjánsdóttir í hlutverki Ingibjargar Einarsdóttur, konu Jóns, og Ragnhildur Ásta Valdimarsdóttir í hlutverki vinnukonu. Nemendur í MR fluttu stutt leikrit um lífshlaup Jóns við opnun sýningarinnar.

Tvær sýningar í Menntaskólanum í Reykjavík:

# Jón í Lærða skólanum

**FÓLK** Tvær sýningar voru opnaðar í Menntaskólanum í Reykjavík á laugardag, „Alþingi á sal Lærða skólans“ og „Jón Sigurðsson og Reykjavík“. Sýningarnar eru samstarfsverkefni afmælisnefndar Jóns Sigurðssonar og Reykjavíkurborgar.

Sólveig Pétursdóttir ávarpaði gesti í hinum forna þingsal Alþingis, en þar hafði húsgögnum verið stillt upp eins og var á fyrsta þinginu 1845. Ljósmyndir af þingfulltrúum voru við sæti þeirra.

Forseti Alþingis, Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, talaði um þingið í Lærða skólanum og formaður borgarráðs, Dagur B. Eggertsson, um tengsl Jóns Sigurðssonar og Reykjavíkur.

Í lokin fluttu nemendur frumsamið atriði með sögulegu ívafi, leik og söng.

Sýningarnar verða opnar alla daga frá klukkan 13 til 17 til 18. ágúst. **- mmf**


BRÚ TIL BORGAR 2011

LAUGARDAGUR 25. JÚNÍ – FÉLAGSHEIMILIÐ BORG
ÍSLENSK MENNING
KL. 12:00 FORNAR BÚVÉLAR SÝNDAR
KL. 12:30 Jón Bjarnason leikur létt lög af fingrum fram
KL. 13:00 SETNING: Íris Róbertsdóttir, formaður Menningarráðs Suðurlands
KL. 13:10 „VARÐVEISLA LJÓSMYNDA“: Þorsteinn T. Másson héraðsskjalavörður flytur stutt erindi og opnar sýningu á ljósmyndum Böðvars Stefánssonar fv. skólastjóra
KL. 13:30 LJÓÐ OG STÖKUR: Félagar úr kvæðamannafélaginu Árgala flytja frumort ljóð og rímnalög
KL. 13:45 „KLAUSTURHÓLAFÓLKIÐ“ – FRÁ SUMARDVÖL Í KLAUSTURHÓLUM: Guðjón Friðriksson sagnfræðingur
KL. 14:00 ÍSLENSK SÖNGLÖG: Loftur Erlingsson og Helga Kolbeinsdóttir syngja við undirleik Jóns Bjarnasonar
KL. 14:45 ÍSLENSK GLÍMA KYNNT OG SÝND
KL. 15:00 ÍSLENSKI HUNDURINN KYNNTUR OG SÝNDUR: Helga Gústavsdóttir

ÍSLENSKI ÞJÓÐBÚNINGURINN: Guðrún Hildur Rosenkjær kjóla- og klæðskerameistari og Ásmundur Kristjánsson gullsmíðanemi svara fyrirspurnum um búninginn á meðan dagskráin fer fram
KL. 15:15 DAGSKRÁRLOK

DAGSKRÁRKYNNING: Gerður G. Bjarklind og Guðfinna Ragnarsdóttir

AÐGANGUR ÓKEYPIS AÐ DAGSKRÁ Í FÉLAGSHEIMILINU BORG
Upplýsingar: www.hollvinir.blog.is
Guðfinna Ragnarsdóttir: 848-5208 – gudfragn@mr.is
Guðmundur Guðmundsson: 899-3267 – gudgu@simnet.is

SUNNUDAGUR 26. JÚNÍ – ÞRASTALUNDUR OG FÉLAGSHEIMILIÐ BORG
KL. 9:45 „LISTIN, LÍFIÐ OG LANDIÐ” - HÓPFERÐ FRÁ ÞRASTALUNDI UM GRÍMSNES OG GRAFNING. FARARSTJÓRN: Guðmundur Guðmundsson, Margrét Sveinbjörnsdóttir, Guðfinna Ragnarsdóttir, Kjartan T. Ólafsson og Vésteinn Ólason
SÆTAPANTANIR FYRIR HÁDEGI Á FIMMTUDAG
SKRÁNING hjá Jónínu Loftsdóttur – s.: 694-1913
FARGJALD 1.000 KR.
Ferðin er skipulögð í samstarfi við Upplit, menningarklasa uppsveita Árnessýslu
KL. 11:30 GRÍMSNES – KJÖTSÚPAN Í ÞRASTALUNDI: PANTANIR FYRIR FÖSTUDAG Í SÍMA 482-2010 VERÐ 1.000 KR.
KL. 13:30 FÉLAGSHEIMILIÐ BORG

MÁLÞING
EINAR MÁR GUÐMUNDSSON RITHÖFUNDUR OG GRÍMSNESIÐ:
TÓNLISTARATRIÐI: Tómas R. Einarsson
FRÁ UNGLINGSÁRUM TIL NÚTÍMA: Friðrik Þór Friðriksson
GRÍMSNESIÐ Í VERKUM EINARS MÁS:
Vésteinn Ólason – skáldsagan og sagnfræðin
Gunnar Karlsson – „Að vera sendur í sveit“
Bergdís Linda Kjartansdóttir les upp valda kafla
SVEITIN Í LJÓÐUM SKÁLDSINS: Þórður Helgason
KL. 15:10 ÁVARP OG UPPLESTUR: Einar Már Guðmundsson
Höfundur les upp nokkur ljóða sinna við undirleik Tómasar R. Einarssonar og félaga

KL. 15:45 DAGSKRÁRLOK

Ljósmynd: www.kristaningi.is

HOLLVINIR GRÍMSNESS · Upplit · GRÍMSNES- OG GRAFNINGSHREPPUR · Menningarráð Suðurlands




**STYKKISHÓLMUR** Aðstoð verður veitt við tilraunir og fyrstu framleiðslu.

Ný starfsemi í Stykkishólmi:

# Aðstoða fólk við vöruþróun

**STYKKISHÓLMUR** Matís, stærsta matvælarannsóknafyrirtæki landsins, hefur ákveðið að vera með starfsemi í Stykkishólmi í sumar.

Starfsmenn eiga að aðstoða matvælaframleiðendur og aðra á svæðinu sem hafa hug á að reyna fyrir sér í framleiðslu og vöruþróun. Aðstoð verður meðal annars veitt við vinnslutilraunir og fyrstu framleiðslu. Ekki verður þó sett upp sérstök aðstaða fyrir slíkt í Stykkishólmi heldur hefur bærinn útvegað skrifstofuaðstöðu fyrir sumarið. **- þeb**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Nokkrir sváfu í steininum

Lögreglan á Akureyri hafði í nógu að snúast vegna Bíladaga sem fram fóru í bænum um helgina. Átta fangarými lögreglunnar voru fullsetin aðfaranótt sunnudagsins. Eitthvað var um slagsmál og tveir ökumenn voru stöðvaðir vegna gruns um að vera undir áhrifum.




**Ertu að leita upplýsinga?**
**www.suzuki.is**

SUZUKI
Way of Life!




# Nýr Suzuki Swift










FOR SAFER CARS
EURO NCAP
www.euroncap.com
★★★★★

Einn vinsælasti bíllinn á Íslandi undanfarin ár
nú enn betri og flottari.
Swiftinn er stærri og rúmbetri og er með
einstaklega sparneytinni 94 hestafla vél, býðst beinskiptur
og sjálfskiptur og einnig með fjórhjóladrifi beinskiptur.
Swiftinn hlaut 5 stjörnur í N-CAP öryggisprófuninni og kemur með
ESP stöðugleikakerfi og 7 öryggisloftpúðum sem staðalbúnaði.

**Verð frá 2.580 þús.**
Eyðsla frá 5,0L/100km
(blönduðum akstri,
beinskiptur)
$CO_2$ 116g/km

**FYRIR SKYNSAMT FÓLK**

**SUZUKI**

**TRAUST UMBOÐ Í YFIR 40 ÁR**

**SUZUKI BÍLAR HF · SKEIFUNNI 17 · SÍMI 568 5100 · WWW.SUZUKI.IS**

Hugtök Markaðsráðgjöf Maí 2011

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Byggðasjónarmið gegn hagkvæmni í útgerð?

## Að dreifa eymdinni sem jafnast

Eftir að hópur hagfræðinga gaf frumvarpi sjávarútvegsráðherra um breytingar á fiskveiðistjórnuninni falleinkunn er viðkvæðið í stjórnarliðinu, einkum hjá þingmönnum og ráðherrum Vinstri grænna, að málið snúist um „fleira en hagfræði“. Með því er í raun verið að segja að ekki eigi að reka sjávarútveg á Íslandi með hagkvæmasta mögulega hætti.

Lilja Rafney Magnúsdóttir, formaður sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar Alþingis, sagði í fréttum RÚV í gær að hagræðing í sjávarútvegi mætti ekki bitna á byggðum landsins. Hér í blaðinu í dag segir hún að landshlutar sem liggi vel að fiskimiðunum verði að geta treyst því að þeir geti byggt afkomu sína á sjávarútvegi.

SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Lilja Rafney bergmálar algengt sjónarmið í sjávarbyggðum sem urðu til vegna nálægðar við fiskimiðin þegar menn sóttu sjóinn á smábátum. Þar hafa menn gjarnan verið steinhissa þegar kvótinn hefur horfið í hendur fyrirtækja sem geta veitt fiskinn með hagkvæmari hætti. En þá gleymist líka að nálægð við miðin er ekki lengur ráðandi þáttur í rekstri margra sjávarútvegsfyrirtækja, meðal annars vegna tækniframfara. Margt fleira kemur til; það er til dæmis ekki þar með sagt að útgerðarmaðurinn sem er næstur miðunum sé sá útsjónarsamasti í rekstri.

Stjórnarliðar láta eins og hægt sé að tefla byggðasjónarmiðinu fram gegn hagkvæmnissjónarmiði hagfræðinganna. En hagfræðingahópurinn fjallar einmitt ýtarlega um byggðasjónarmið í skýrslu sinni. Um úthlutun byggðakvóta segir hann til dæmis að hún sé eingöngu til eins fiskveiðiárs í senn og engin fyrirtæki geti því byggt atvinnustarfsemi á henni. Atvinnuöryggi verði ekki byggt á slíkri pólitískri skammtímaúthlutun, sem nýtist fyrst og fremst til að draga tímabundið úr áföllum en ekki til að tryggja atvinnu til lengri tíma.

Hagfræðingarnir benda á að byggðakvóti dragi úr heildarhagkvæmni veiða. „Ef útgerð í ákveðnu byggðarlagi væri samkeppnisfær mundi hún geta haldið í þær veiðiheimildir sem hún hefur haft. Það að úthluta veiðiheimildum sérstaklega til útgerða sem lotið hafa í lægra haldi i samkeppni um veiðiheimildir er líklegt til að draga úr heildarhagkvæmni útgerðarinnar,“ segja hagfræðingarnir. Þeir segja að miklu nær væri að taka gjald af útgerðinni og endurúthluta fé til illa staddra byggðarlaga en að fela raunverulegan kostnað þjóðfélagsins af byggðastefnunni með því að fella hana inn í fiskveiðistjórnunina. Vald ráðherra til úthlutunar byggðakvóta bjóði þar að auki heim hættunni á pólitískri spillingu.

Takmarkanir framsals á kvóta eru einnig réttlættar með byggðasjónarmiðum. En þegar menn leggjast gegn því að kvóti fari milli byggðarlaga, til þess sem getur veitt hann með hagkvæmustum hætti, taka þeir sérhagsmuni einstakra byggðarlaga fram yfir heildarhagsmuni greinarinnar og þar með landsbyggðarinnar í heild.

Afstaða stjórnarflokkanna í fiskveiðistjórnarmálinu er því miður í takt við önnur stefnumál þeirra. Þeir eru andvígir því að reynt sé að stækka verðmætakökuna sem til skiptanna er eins og mögulegt er. Þeir eru hins vegar mjög uppteknir af því hvernig hægt sé að dreifa eymdinni sem jafnast.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871



AUGLÝSINGAR Í SÉRBLÖÐUM

Sérblöð Fréttablaðsins eru fjölbreytt og höfða til fólks á öllum aldri. Fjöldi mismunandi sérblaða kemur út í hverjum mánuði. Leitaðu ráða hjá ráðgjöfum okkar um hvar auglýsingin þín nær best til markhópsins.

AUGLÝSING Í SÉRBLÖÐUM SKILAR ÁRANGRI!

Ívar Örn Hansen
S: 5125429 ,
gsm 6154349
ivarorn@365.is

Sigríður Dagný
S: 5125462,
gsm 8233344
sigridurdagny@365.is

Sigríður Hallgríms
S: 5125432,
gsm 6924700
sigridurh@365.is

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
10 ÁRA 2001-2011
FRÉTTABLAÐIÐ

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Jón og nútíminn

200 ára afmæli Jóns Sigurðssonar var fagnað myndarlega um allt land á föstudag. Það var fyrirtaks tækifæri að rifja upp ævi og störf sannkallaðs frumkvöðuls, og um leið til að kafa dýpra í goðsögnina sem hefur ávallt umleikið Jón.

Það var líka tækifæri fyrir stjórnmálafólk landsins til að grípa allt sem hönd á festi úr skrifum þessa mæta manns og nýta til framdráttar eigin baráttumálum.



### Til hátíðabrigða

Forsætisráðherra sagði í hátíðarræðu sinni að með yfirstandandandi endurmótun stjórnarskrárinnar myndi ósk Jóns um íslenska stjórnarskrá rætast.

Á meðan fullyrti greinarhöfundur á bloggi Heimssýnar að ESB-umsókn Íslands sverti minningu Jóns Sigurðssonar á 200 ára afmæli hans.



### Hvað myndi Jón gera?

Væri ekki nær að leyfa manninum að lifa með sínum eigin verkum í stað þess að gera honum upp skoðanir á málum nútímans?

Hvernig væri að venda alveg um og leggja öll mál undir Jón? Hvað hefði hann sagt um ESB, læknadóp, fótósjoppmál Gillzeneggers, klæðnað Eurovisionkynna og GusGus-plötuna? Hvernig á þjóðin að geta tekið ákvarðanir ef slík lykilforsenda liggur ekki fyrir?

Kynna sér málefni til hlítar út frá sjónarhorni nútímafólks? Ekki séns!

thorgils@frettabladid.is

## HALLDÓR




## Alþjóðadagur flóttamanna í dag

Flóttamannaaðstoð



Kristján Sturluson
framkvæmdastjóri Rauða kross Íslands

20. júní er alþjóðadagur flóttamanna. 60 ár eru frá samþykkt flóttamannasamnings Sameinuðu þjóðanna og 55 ár síðan Ísland fullgilti hann.

Milljónir manna eru á flótta til að bjarga lífi sínu. Flestir eru á flótta innan eigin landamæra en þeir sem flýja heimaland sitt leita flestir til fátækra nágrannaríkja. Um 5% leita til Evrópu og aðeins nokkrir tugir til Íslands. Íslandi ber samkvæmt skuldbindingum sem stjórnvöld hafa undirgengist að veita þeim flóttamönnum sem hingað leita nauðsynlega alþjóðlega vernd.

Rauði krossinn vinnur hérlendis að málefnum flóttamanna og hælisleitenda í samvinnu við stjórnvöld og er samstarfsaðili Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna samkvæmt samningi frá 2001. Félagið sinnir málsvarahlutverki og réttindagæslu hælisleitenda og aðstoðar við móttöku og aðlögun flóttamanna sem stjórnvöld hafa boðið landvist. Rauði krossinn fylgist með að flóttafólk og hælisleitendur njóti réttinda samkvæmt lögum og alþjóðlegum samningum en getur hins vegar ekki hlutast til um niðurstöðu einstakra mála. Félagið leggur áherslu á bein samskipti við stjórnvöld og beinir ábendingum sínum og athugasemdum til þeirra eftir þörfum.

> Alltaf þarf þó að tryggja að hver einstök umsókn fái eðlilega og réttláta málsmeðferð.

Réttarstaða einstaklinga sem óska hælis á Íslandi hefur batnað, síðast með breytingum á lögum um útlendinga haustið 2010. Löggjöfina og framkvæmdina þarf þó að bæta frekar. Tryggja þarf að hælisleitendur fái aðstoð lögmanns frá upphafi hælisumsóknar, einfalda málsmeðferðina, gera hana skilvirkari og styttri. Alltaf þarf þó að tryggja að hver einstök umsókn fái eðlilega og réttláta málsmeðferð. Á kærustigi ætti sjálfstæður úrskurðaraðili að fjalla um kærur á neikvæðum ákvörðunum Útlendingastofnunar. Þá er eðlilegt að stjórnvöld skoði möguleika á að bjóða einstaklingum sem hér óska hælis aðstoð og þjónustu á höfuðborgarsvæðinu í nálægð við stjórnvöld og aðra sem koma að málefnum þeirra.

Rauði kross Íslands vonar heilshugar að almenningur á Íslandi verði áfram jákvæður í garð þeirra sem neyðast til að flýja í leit að vernd. Munum eftir flóttafólki 20. júní og alla aðra daga.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Hvernig ætli það sé?

Í DAG



Guðmundur Andri Thorsson
rithöfundur

Hvernig ætli að sé að vera köttur? Smjúga um grasið og inn í myrkviðinn, bíða í sínu bæli, hlusta, sleikja sig, blunda… Eða hundur? Öll skilningarvitin þanin til að þjóna þessu eina markmiði: að finna slóðina, verja svæðið, sækja bráðina. Og hvernig ætli það sé eiginlega að vera kýr? Liggja og horfa á heiminn í allri þessari miklu jórtrandi rósemd …

Hvernig ætli það sé að vera hestur? Eða fugl og svífa í heiminum? Við vitum það ekki. Við höfum komið okkur upp hugvitsamlegum aðferðum við að kúga dýr, lifa á þeim sníkjulífi, flá þau og drepa þau til nytja og ónytja – og við höfum líka laðað þau að okkur til að hafa við þau samfélag – en við vitum svo sem ekkert um vitund þeirra, líðan, sálarlíf. Ekki í raun og veru. Við höldum stundum að þau séu öll eins og hugsi eins: séu „dýrin“ og úr því að ánamaðkurinn segir heldur fátt þegar við skerum hann í tvennt sé í lagi að pína ketti.

Hvernig ætli það sé að láta flá sig? Að hírast í búri? Vera ófrjáls? Til þess að við þyrftum ekki að gera okkur slíkt í hugarlund var það lengi trúarsetning að dýr hefðu ekki sál en væru vélar og enn er nútíma landbúnaður stundaður með þá hugmynd að leiðarljósi.

Guð var þá sagður hafa skapað manninn í sinni mynd og afhent honum jörðina til ráðstöfunar, eins og nokkurs konar útskriftargjöf að loknu námi í Paradís. Descartes taldi að dýrin væru sneydd hugsun – en reyndar ekki skynjun – hann var ekki jafn harður og Íslendingar sem tala um „skynlausar skepnur“, þótt ástin á stuðlasetningu hafi þar kannski eins og víðar ráðið för við útmálun heimskulegrar hugsunar. En Descartes leit sem sé á náttúruna – og dýrin – sem vélar og hlutverk mannsins væri að átta sig á þessum vélbúnaði sér til hagnýtingar. Lærisveinar hans hafa um aldir notað hugmyndir hans til að halda á lofti þeirri bábilju að dýr hafi ekkert sársaukaskyn. Þetta er frumstæð réttlæting firrtra manna á óhæfuverkum og hún birtist í ógeðslegum tilraunum á dýrum og andstyggilegum aðbúnaði á troðnum kjúklingabúum og svínabúum víða um heim. Þessi þankagangur býr raunar almennt að baki umgengni mannanna við gjafir Jarðarinnar, í námugreftri og ekki síður stórkarlalegum aðferðum við að beisla vatnsorku án þess að framkvæmdamenn gefi því gaum hvaða áhrif virkjanirnar hafa á fljótin og vatnafarið almennt þar sem virkjað er: þeir sjá engan reyk og kalla þetta því vistvæna orku.

Um þetta allt er nú tekist. Þetta er stóra málið. Við verðum að takast á um þetta allt saman. Við verðum að fá að gera það.

> Við þurfum að standa vörð um réttindi fólks til að láta í ljós skoðanir sínar á opinberum vettvangi með hverjum þeim hætti sem því þykir áhrifamestur hverju sinni.

### Samræmd skoðun þjóðleg

Ýmsar hættur steðja að litlu og einangruðu samfélagi eins og því íslenska. Ein sú versta er skoðanakúgun – tilteknar skoðanir verða að ríkjandi og óumdeildri og óumdeilanlegri sýn og í kjölfarið eru nánast bannaðar andstæðar hugmyndir. Slíkt ástand upplifði fólk á Austurlandi á sínum tíma: fólk sem andvígt var virkjunum mátti þá sæta ýmiss konar ofsóknum.

Við verðum að vera vakandi. Við þurfum að standa vörð um réttindi fólks til að láta í ljós skoðanir sínar á opinberum vettvangi með hverjum þeim hætti sem því þykir áhrifamestur hverju sinni. Við teljum þrátt fyrir allt að við lifum hér í opnu samfélagi þar sem hugmyndirnar að takast á. Fólk á hér líka í þrotlausri samræðu um hvaðeina. Við rífumst um yfirstjórn þjóðkirkjunnar, skipulag fiskveiða, stjórn peningamála, lánamál, samgöngur, Icesave, Evrópusambandið, fótbolta, skipulagsmál – allt milli himins og jarðar – nema eitt virðist ekki mega deila um; í einu skal ríkja ein samræmd skoðun þjóðleg: Hvalveiðar.

Þetta er ótrúlegt. Hvalafangarar kvarta til Isavia sem rekur Keflavíkurflugvöll yfir auglýsingum hvalafriðara í Leifsstöð um hvalveiðar. Og Isavia bara hlýðir. Biður auglýsendur um að breyta þessum auglýsingum en fjarlægja ella – hvernig þeim skuli breytt er ekki ljóst: kannski á að lýsa yfir stuðningi við hvalveiðar? Sjálfur get ég sagt þetta: Ég lít ekki á það sem frumburðarrétt minn sem Íslendings að veiða hvali. Mig langar hreinlega ekkert til þess.

En mig langar stundum að vita hitt: hvernig ætli það sé að vera hvalur? Maður sér þá lyfta sér upp úr sjónum og eru alveg áreiðanlega miklu mikilfenglegri en svo að eiga að veiðast veiðanna vegna. Hvalararnir eru alltaf að segja okkur að það sé íslensk hugsjón að fá að veiða þessi dýr. Ekki til að selja af þeim kjötið, því það vill enginn og ekki út af lýsinu sem selst ekki og ekki til að búa til sápu eins og einu sinni tíðkaðist – nei, eina ástæðan fyrir því að Íslendingar skuli veiða hvali mun vera sú að láta ekki aðrar þjóðir segja sér fyrir verkum. Er til verri ástæða?

Hvernig ætli það sé annars að vera maður? Jú, mennirnir hugsa sjálfstætt, álykta, segja hug sinn, ganga uppréttir.

# Íslenskar kvikmyndir hornreka á RÚV

Menning



Margrét Örnólfsdóttir
kvikmyndagerðarkona

Undanfarið hefur RÚV stært sig af því að í uppsiglingu sé íslenskt kvikmyndasumar, sýna eigi fjölda íslenskra bíómynda, bæði nýlegar og gamlar og góðar, sannkölluð kvikmyndaveisla. Þetta væri vissulega eitthvað til að hrópa húrra fyrir – ef maður væri andvökusjúklingur. Fyrsta myndin sem greiðendum afnotagjalda var boðið upp á var nýjasta mynd Dags Kára Péturssonar, The Good Heart. Það skal undirstrikað sérstaklega að um frumsýningu á íslenskri kvikmynd á RÚV er að ræða og maður myndi því ætla að henni væri valinn besti hugsanlegi tími í dagskránni eins og slíkum viðburði er sæmandi.

Ríkissjónvarpið kaus að sýna myndina aðfaranótt annars í hvítasunnu, nánar til tekið þegar klukkan var tíu mínútur gengin í eitt eftir miðnætti. Eftir að mér var runnin mesta reiðin yfir þessari fráleitu tímasetningu (sýningu myndarinnar lauk þegar klukkuna vantaði tíu mínútur í tvö!) fór ég að velta því fyrir mér hvaða mögulegu ástæður gætu legið að baki þeirri ákvörðun að ræna stærsta hluta þjóðarinnar þeirri ánægju að horfa á íslenska kvikmynd. The Good Heart er ekki hryllingsmynd, hún er meira að segja leyfð til sýninga fyrir alla aldurshópa.

Við nánari eftirgrennslan kemur í ljós að sömuleiðis stendur til að sýna þrjár stuttmyndir Rúnars Rúnarssonar kl. 23.10 á fimmtudagskvöldi, líka Skytturnar eftir Friðrik Þór Friðriksson. Mér létti örlítið að sjá að bæði Með allt á hreinu og Sveitabrúðkaup verða á skikkanlegum tíma, börn og kvöldsvæfir eiga þannig möguleika á að sjá þær ágætu myndir en misræmið í þessum tímasetningum er óskiljanlegt.

Íslenskar bíómyndir eru eins og krakki sem fær helst ekki að vera með en ef honum er leyft það þá er hann hunsaður og ekki hleypt í leikinn. Hvort tveggja er ömurleg framkoma. Ég get ekki fundið eina einustu skýringu á því að íslenskar myndir séu settar á dagskrá um miðja nótt aðra en þá að forsvarsmönnum RÚV sé hreinlega í nöp við íslenska kvikmyndagerð eða að um einhvers konar refsingu sé að ræða – að þau ætli sér að senda kvikmyndabransanum þau skilaboð að RÚV vilji sem minnst hafa saman við hann að sælda. RÚV myndi í raun sýna íslenskum kvikmyndum meiri sóma með því að sleppa því hreinlega að setja þær á dagskrá í stað þess að reisa þeim eitthvað í ætt við níðstöng á þennan hátt.

Fyrst RÚV ákvað á annað borð að kaupa sýningarréttinn á þessum kvikmyndum af hverju er tækifærið þá ekki nýtt betur? Fyrirtækið gæti í leiðinni rekið af sér slyðruorðið varðandi hlut leikins íslensks efnis í dagskránni. Metnaðarleysi RÚV í þeim efnum væri reyndar efni í aðra grein, ef ekki greinaflokk. Sömuleiðis mætti skrifa margar greinar til að gagnrýna það að kjörtími (prime time) Ríkissjónvarpsins skuli á sama tíma og íslenskum kvikmyndum er ýtt út í horn lagður undir eitthvert þriðja flokks mót ófullburða fótboltaliða.

Reiði mín helgast ekki eingöngu af því að ég vinn sjálf við kvikmyndagerð, virðingarleysið er ekki síður og jafnvel enn þá meira gagnvart áhorfendum. Í mínum augum hafa forsvarsmenn RÚV með þessari tilhögun endanlega sýnt fram á vanhæfi sitt – ef þetta fólk veldur ekki einu sinni því tiltölulega einfalda verki að raða dagskrárliðum þannig að efnið skili sér til sem flestra sem það á erindi við þá á ekki að hleypa því í það, hvað þá meira krefjandi verkefni á borð við ákvarðanatöku sem varðar dagskrárgerð og stefnu í þeim málum. Hér er ekki verið að ræða um mismunandi smekk eða sjónarmið sem hægt er afgreiða sem álitamál, það hlýtur hver einasti maður að sjá að það er gjörsamlega glórulaust að sýna íslenskar bíómyndir eftir háttatíma, jafnvel þótt það sé frídagur daginn eftir. Nú vona ég að einhver sem ræður einhverju þarna í Efstaleitinu átti sig á mistökunum og leiðrétti þau til að sem flestir fái að njóta kvikmyndanna sem enn á eftir að sýna. Ef ekki þá er RÚV að bregðast því hlutverki sínu að stuðla að því að gera íslenskt menningarefni aðgengilegt sem flestum.



# tímamót

timamot@frettabladid.is



44 **NICOLE KIDMAN** leikkona er 44 ára í dag.

*„Alveg frá því að ég man eftir mér hef ég viljað prófa allt það sem lífið hefur upp á að bjóða, jafnvel þótt það sé hugsanlega hættulegt."*

## Merkisatburðir

1627 Tyrkjaránið hefst þegar ræningjar frá Alsír koma á skipi til Grindavíkur.

1750 Gengið er á tind Heklu í fyrsta sinn svo vitað sé. Það gera Bjarni Pálsson, síðar landlæknir, og Eggert Ólafsson, vísindamaður og skáld.

1970 Listahátíð í Reykjavík er sett í fyrsta sinn. Meðal flytjenda á hátíðinni eru Daniel Barenboim píanóleikari og hljómsveitin Led Zeppelin.

1976 Vesturlandabúar eru fluttir frá Beirút.

1980 Luciano Pavarotti syngur í Laugardalshöllinni.

**ÞETTA GERÐIST: 20. JÚNÍ 1978**

## *Flótti úr Hegningarhúsinu*

Þrír fangar, allir um tvítugt, struku úr Hegningarhúsinu við Skólavörðustíg á þessum degi árið 1978. Flóttinn varð um hádegisbil þegar flytja átti fangana frá Hegningarhúsinu að Litla-Hrauni. Tveir lögreglumenn gættu fanganna, sem voru ójárnaðir. Þegar fangarnir voru komnir út á gangstéttina fyrir utan fangelsið og áttu að fara upp í lögreglubílinn tóku þeir skyndilega til fótanna, hver í sína áttina, en lögreglumennirnir náðu ekki að veita þeim eftirför.

Einn fanganna gaf sig fram síðdegis við lögregluna en hinir tveir fundust tveimur klukkutímum síðar á Hótel Heklu við Rauðarárstíg, þar sem þeir höfðu leigt sér hótelherbergi og voru þeir mjög ölvaðir þegar þeir náðust. Þeir höfðu logið til um nöfn og sagst vera frá Bíldudal.





**HANDTAK** Það sparar bæði tíma og fyrirhöfn að finna verktaka og verkkaupa á Handtak.is.

# Enn betra handtak

Handtak.is hefur nú verið opnað aftur eftir gagngerar breytingar og allsherjar endurskoðun á virkni og viðmóti kerfisins.

Handtak.is var stofnað 2003 og hafa þúsundir Íslendinga notið þjónustunnar síðan. Vefsíðan er gagnlegur vettvangur þar sem þjónustuaðilar, þ.e. verktakar á ýmsum sviðum, og verkkaupar leita hver annan uppi. Verkkaupar skrá verk sín frítt og í kjölfarið geta þjónustuaðilar byrjað að bjóða í verkið.

Gagnagrunnur Handtaks.is auðveldar leit að þjónustuaðilum á öllum sviðum og sparar tíma. Margar nýjungar hafa litið dagsins ljós, eins og rafræn fréttabréf í stóru upplagi fyrir fyrirtæki og einstaklinga.

Hægt er að kynna sér grunninn á http://handtak.is/umokkur.htm og http://handtak.is.



**LÉK SÉR MEÐ RÚMFRÆÐINA** Borð Emilíu Borgþórsdóttur hreif dómnefnd stærstu húsgagnasýningar í Bandaríkjunum, NeoCon, en borðin eru í nokkrum litum og tveimur stærðum.

ÍSLENSKUR IÐNHÖNNUÐUR: HLÝTUR GULLVERÐLAUN Í BANDARÍKJUNUM

# Gaman að byrja svona vel

Emilía Borgþórsdóttir iðnhönnuður hlaut gullverðlaun á stærstu húsgagnasýningu Bandaríkjanna, NeoCon, sem haldin er árlega í Chicago. Verðlaunin þykja mikill heiður og reynist mörgum stökkpallur í fremstu línu hönnuða á heimsvísu. Emilía fékk verðlaun í flokki sófaborða en sérstaka athygli vekur ytra að fyrsta vara hönnuðar, eins og raunin er með borð hennar, hljóti svo stóra viðurkenningu.

„Ég var fyrir það fyrsta alveg nógu ánægð með að fá að taka þátt í þessari sýningu og var því ekkert að spá í verðlaunin. Þetta var því óvænt ánægja og bara meiriháttar," segir Emilía þegar Fréttablaðið nær af henni tali. Borðin, sem kallast Sebastopol, eru nýkomin á markað, en Coalesse framleiðir þau. Coalesse er dótturfyrirtæki stærsta húsgagnafyrirtækis í heimi, Steelcase Inc.

„Þessar sýningar eru mjög mikilvægar fyrir hönnuði þar sem að þangað mæta innanhússhönnuðir til að sjá hvaða nýjungar eru í boði og versla fyrir kúnnana sína. Borðin mín eru nýr vinkill á sófaborð þar sem ég lék mér með rúmfræðina og formið og borðin eiga að geta þjónað öllum þörfum manns án þess að taka of mikið pláss."

Emilía segir að þörfin hafi kveikt hugmyndina. Hún þekki það hjá sjálfri sér, vinum og kunningjum, hvað stórt sófaborð geti tekið



mikið pláss í minni stofum en samt vilji maður geta haft borð þar sem hægt er að nota fyrir saumaklúbbinn, sjónvarpskvöld og svo framvegis.

„Mig langaði að athuga hvort ég gæti ekki brotið form sófaborðsins upp, gert það nettara og passa um leið að það samsvaraði sér vel. Úr varð að ég byrjaði með ferkantaða plötu og skoðaði í bak og fyrir hvaða horn ég gæti skorið af án þess að það kæmi niður á notkunarmöguleikum borðsins." Borðunum má raða upp nokkrum saman endilangt eða láta þau mynda þyrpingu auk þess að hafa eitt og eitt á stangli. Þau koma í nokkrum litum og tveimur stærðum.

Emilía útskrifaðist sem iðnhönnuður frá Art Institute of California árið 2009. Hún hefur síðan þá verið í eigin rekstri þar sem hún býr í San Francisco og hefur tekið að sér ýmis verkefni. Hún hefur einnig þann óvenjulega bakgrunn að vera menntaður sjúkraþjálfari. Emilía segir þá menntun gagnast sér vel því hún hafi það alltaf ofarlega í huga að hún sé að hanna húsgögn fyrir mannslíkamann. „Það er virkilega gaman að byrja svona vel, vera tekinn alvarlega sem hönnuður og komast að hjá svona stóru fyrirtæki."

juliam@frettabladid.is



†

*Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Ómar Árnason**

cand act,

lést á St. Jósefsspítala laugardaginn 11. júní. Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju miðvikudaginn 22. júní klukkan 13.00.

**Hrafnhildur Oddný Kristbjörnsdóttir**
**Kristín Ómarsdóttir** **Sveinbjörg Bjarnadóttir**
**Guðrún Yrsa Ómarsdóttir** **Ágúst Ómar Ágústsson**
**Árni Björn Ómarsson** **Borghildur Þórisdóttir**
**Hulda Sigríður Jeppesen** **Guðmundur J. Stefánsson**
**og barnabörn.**



**Legsteinar og fylgihlutir**

- Mikið úrval
- Yfir 40 ára reynsla
- Sendum myndalista

*MOSAIK* Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 www.mosaik.is

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**

AFMÆLISBÖRN



**ÁRNÝ ERLA SVEINBJÖRNSDÓTTIR** jarðfræðingur er 58 ára.



**ROBERT RODRIGUEZ** leikstjóri er 43 ára.



**VIGNIR SVAVARSSON** handboltamaður er 31 árs.



**LIONEL RICHIE** tónlistarmaður er 62 ára.



**Sýningin Hlutirnir okkar** stendur nú yfir í Hönnunarsafni Íslands í Garðabæ. Þar gefur að líta fjölbreytt úrval af safngripum í eigum safnsins. Má þar nefna verðlaunalampann Heklu frá 1962 eftir Jón Ólafsson og Pétur B. Lúthersson húsgagnahönnuði sem safnið fékk að gjöf í tilefni sýningarinnnar.




**Sölufulltrúi: Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473



friendtex

ÚTSALA

MIKIÐ ÚRVAL AF FALLEGUM FATNAÐI



Opnunartími:
mánud.-föstud. kl. 11:00 - 18:00 Lokað laugardaga

Bonito ehf. Friendtex
Faxafen 10, 108 Reykjavík, sími: 568 2870 - www.friendtex.is

Gleðilegt grillsumar
www.weber.is
weber




**Herborg Eðvaldsdóttir er á leið í starfsnám í postulínsverksmiðjunni Kahla í Þýskalandi.**

# Spennandi tækifæri

Þetta verður skemmtileg upplifun," segir Herborg Eðvaldsdóttir, einn þriggja nemenda Myndlistaskólans í Reykjavík sem valdir voru í starfsnám í postulínsverksmiðjunni Kahla í Þýskalandi. Tilkynnt var um valið á alþjóðlegu sýningunni DMY í Berlín á dögunum, þar sem sjö nemendur skólans sýndu verk sín.

„Við fáum fullan aðgang að verkstæðum, efnum og sérfræðingum verksmiðjunnar í þrjár vikur. Það hljómar ekki langur tími en ofnarnir eru öflugir og vinnuferlið gengur hraðar en hér," segir Herborg. Hún segir spennandi að fá að kynnast starfsemi svo stórrar verksmiðju og að starfsnámið geti opnað ýmsa möguleika í framtíðinni.

Herborg sýndi samsettan blómavasa í Berlín. „Ég var orðin leið á að leita eftir vasa sem hentaði undir blómvendi. Ég gerði því vasa sem hægt er að stækka og minnka eða raða saman eins og skúlptúr. Eins er hægt að snúa stykkjunum við og nota sem kertastjaka," segir Herborg, sem sér sjálf um framleiðslu vasans. „Ég er að koma mér upp vinnuaðstöðu og kemst vonandi af stað í haust. Draumurinn er auðvitað að láta fjöldaframleiða hann."

Nánar má kynna sér verk nemendanna á síðunni www.atriptothefactory.com.

*heida@frettabladid.is*



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN


# Nýir svefnsófar - margar gerðir




12 mánaða vaxtalausar greiðslur

Sjá nánar verð og ný tilboð á www.svefn.is

Svefn & heilsa

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150 - Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00

**Icelandair og Hönnunarmiðstöð Íslands** standa fyrir keppni um hönnun á nýjum matarumbúðum fyrir Icelandair. Lokafrestur til að skila inn tillögum rennur út fimmtudaginn 15. september klukkan 12. Nánari upplýsingar um fyrirkomulag er að finna á heimasíðu Hönnunarmiðstöðvar, www.honnunarmidstod.is.




# Sumarið heim *Í STOFU*

**Þrátt fyrir betri tíð og hækkandi hitastig er víst ekki hjá því komist að dvelja eitthvað innandyra yfir íslenska sumartímann. En þá má líka létta yfirbragð heimilisins með ýmsum ráðum.**

■ Léttari gardínur. Ef þung gluggatjöld eru fyrir stofuglugganum sem áttu að einangra heimilið í vetrarkuldanum er ekki úr vegi að skipta þeim út fyrir þynnri gerð. Hægt er að fá létt og góð efni í vefnaðarvöruverslunum sem má geyma á milli ára og ódýrari gerðir má til að mynda fá hjá Rúmfatalagernum, IKEA og Ilvu.

■ Blóm inn í stofu. Í þrjá til fjóra mánuði á ári geta Íslendingar nálgast ókeypis blóm og er um að gera að nýta sér það. Fíflar er þar jafnvel fyrirtaks skraut; nokkrir saman í fallegum vasa gefa þeir heimilinu frjálslegt og náttúrulegt yfirbragð. Þá er hvönnin ákaflega falleg og í stóra vasa er fallegt að raða háum hvönnum. Ekki má gleyma að hægt er að nálgast vallhumal í þurrum brekkum.



Sniðugt er að nýta sér þann stutta tíma sem hægt er að skreyta heimilið með blómum án kostnaðar og tína þau villtu.



Fljótlegt er að skipta um ver á púðunum í stofunni og klæða þá í appelsínugult.

■ Drykkir, ávextir og lifandi litir. Salöt, ávaxtakokkteilar og litríkir drykkir tilheyra sumrinu og með því að nota litríkar matvörur til að útbúa eitthvað á hverjum degi verður heimilið örlítið fallegra. Þannig má byrja hvern morgunn á því að skera ferska ávexti út í heitt te og útbúa límonaði seinnipartinn og spara ekki gular sítrónur í könnuna.

■ Einföldum hlutum skipt út. Púðar eru dæmi um muni sem auðvelt er að færa í sumarlegan búning án mikillar fyrirhafnar. Til þess þarf einungis að eiga nokkur sett af púðaveri, í haust- og vetrarlitum og svo í glaðlegri sumarlegum tónum. Það sama má segja um borðdúka, viskustykki, gluggatjöld og rúmteppi.

■ Litlu atriðin. Smá frísklegur sumarblær, sem sprauta má yfir heimilið í formi híbýlailms, getur gert gæfumuninn til að færa sumarið heim í hús. Ekki má heldur gleyma að pakka dökkum kertum niður, pakka niður vetrarfötunum og koma öllu sem tengist snjó og kulda fyrir í geymslunni. Veturinn kemur ekki nándar nærri strax og rýmið stækkar með minna dóti. *juliam@frettabladid.is*



Léttar gardínur leyfa sumarbirtunni að flæða um stofuna.



Litríkir réttir og drykkir spila stórt hlutverk á sumrin.



Híbýlailmi með sumarangan má fá víða í blómaverslunum, í úðaformi eða sem reykelsi.


HOLLUR BITAFISKUR
+80% prótín
Fiskneysla er góð fyrir heilabúið




GULLFISKUR
Fæst í Bónus og Inspired, Keflavíkurflugvelli



FRÁBÆRT TILBOÐ
ELBA SNAIGE ZEPA scan



**OFNAR:**
4-kerfa hvítur Kr. 59.900
4-kerfa stál kr. 74.900
8-kerfa hvítur kr. 84.900
8-kerfa stál kr. 94.900
2ja hólfa stál kr. 149.900

**HELLUBORÐ** m/steyptum hellum:
4 hellur hvítt kr. 29.900
4 hellur stál kr. 34.900

**KERAMIKBORÐ** m/snertirofum:
300x505mm 2 hellur kr. 39.900
580x505mm 4 hellur kr. 64.900
770x505mm 4 hellur kr. 84.900
580x505mm 4 **SPAN** kr. 89.900



**VIFTUR:**
60cm hvít eða stál, þvoanleg fitusía, kolsía fylgir
VERÐ nú aðeins kr. 9.900

60cm útdregin, þvoanleg fitusía, kolsía fylgir
VERÐ nú aðeins kr. 27.900



**HÁFAR:**
Vegghháfur 60 cm. kr. 36.900
Vegghháfur 90 cm. kr. 39.900
Eyjuháfur 60x90cm kr. 69.900



**UPPÞVOTTAVÉLAR:**
Frístæð AAA kr. 89.900
Alinnbyggð AAA kr. 99.900

KÆLISKÁPAÚRVAL
Mán. - föst. kl. 09-18
friform.is
Friform
Askalind 3 • 201 Kópavogur • Sími: 562 1500



Rafhitarar
í skip, hús og sumarhús
Neysluvatnshitarar
Hitöld (element), hitastillar, hitastýringar og flest annað til rafhitunar.
Við erum sérfræðingar í öllu sem við kemur rafhitun.



Rafhitun
Kaplahrauni 7a • Hafnarfirði
Sími: 565 3265 • Fax: 565 3260
rafhitun@rafhitun.is • www.rafhitun.is





HITA KÚTAR
Amerísk gæða framleiðsla
30-450 lítrar
Umboðsmenn um land allt
RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · RAFVORUR@RAFVORUR.IS



TECE
Ideal STANDARD
TRYGG GÆÐI VOTTAÐ GÆÐAEFNI
Upphengt salerni með innbyggðum kassa



Tilboð 45.000
ÍSLEIFUR JÓNSSON
Draghals 14 - 16
110 Reykjavík
Sími 4 12 12 00
Fax 4 12 12 01
www.isleifur.is

FASTEIGNIR.IS
25. TBL. 20. JÚNÍ 2011
VÍSIR.IS FRÉTTABLAÐIÐ

KÍKTU INNÁ WWW.LANDMARK.IS – ÖFLUGUR HÓPUR SÖLUMANNA!

LANDMARK
FASTEIGNASALA
MAGNÚS EINARSSON - Löggiltur fasteignasali
SÍMI 512 4900 – BOLHOLTI 4 – LANDMARK.IS



MAGNÚS EINARSSON
Löggiltur fasteignasali

Inná www.landmark.is er hægt að panta verðmat eða selja í sölu.
...Og við höfum samband um hæl!
Landmark fasteignasala
- Þú hringir – við seljum!

## VATNSENDI – EINSTÖK EIGN



**Höfum fengið til sölumeðferðar einstaka eign sem samanstendur af stórri skógi vaxinni lóð ásamt miklum og góðum húsakosti.**

Um er að ræða ½ ha. af landi þar sem stór hluti er skógi vaxinn. Á lóðinni stendur glæsilegt 180 ha.einbýlishús, 27 fm gestahús og annað 27 fm aukahús sem gæti nýst sem t.d. bílskúr.Að auki er um að ræða nýlegt 97 fm hús sem auðveldlega getur nýst sem íbúðarhús. Leyfi er til frekari bygginga á lóðinni t.d. reiðhöll, hesthús eða að bæta við íbúðarrými allt að 600 fm.

**Allar nánari upplýsingar veitir Andrés Pétur hjá fasteign.is í síma 5-900-800 / 772-0202 eða á andres@fasteign.is**

FASTEIGNASALAN fasteign.is SÍMI 5 900 800
Ólafur B. Blöndal, löggiltur fasteignasali.



Eignin er fullbúin og vönduð.

# Einbýli á rólegum stað

**Hraunhamar fasteignasala hefur til sölu glæsilegt einbýli á einni hæð með sérstæðum bílskúr í Hafnarfirði.**

Einbýlið stendur við Steinahlíð í Hafnarfirði og er í heildina 168 fermetrar.

Góður inngangur er á húsinu og komið er inn í rúmgóða flísalagða forstofu með vönduðum skápum. Gott herbergi er inni af forstofu.

Björt stofa er í húsinu og falleg borðstofa. Einnig er rúmgóður sjónvarpsskáli með útgangi út á suðurverönd. Eldhúsið er með vandaðri innréttingu. Gott þvottaherbergi með sérútgangi er einnig í fasteigninni.

Í svefnálmu eru tvö góð barnaherbergi með skáp. Þá er rúmgott svefnherbergi með skáp og útgangi út í garðinn. Einnig er flísalagt baðherbergi með baðkari, sturtuklefa, vandaðri innréttingu og glugga.

Innfelld halógenlýsing er í stofu, borðstofu og sjónvarpsskála. Þar er einnig hvíttaður askur á loftum og eikarparkett á gólfum.

Rúmgóður 32,8 fermetra bílskúr stendur við fasteignina. Þá er garður auk verandar með skjólgirðingu og heitum potti. Fyrir utan er hellulagt bílaplan með hita.

heimili FASTEIGNASALA
www.heimili.is



Bogi Pétursson lögg. fasteignasali



Finnbogi Hilmarsson lögg. fasteignasali



Andri Sigurðsson lögg. leigumiðlari



Arnar Birgisson Sölufulltrúi

**530 6500**
Opið mán.–fös. frá kl. 9–17



**Maríubaugur - tengihús**
Bjart vel hannað 195 fm hús með innbyggðum 36 fm bílskúr. 4 góð svefnherbergi, veönd, afgirtur garður, hellulagt pílaplan. **V. 49,5 m.**



**Skaftahlíð - 2ja herb.**
Flott 60 fm íbúð á 2. hæð. Nýlega er búið að skipta um glugga og gler Húsið lítur vel út að utan. Góð staðsetning þar sem göngufæri er í miðbæinn og alla þjónustu. Laus. **V. 17,5 m.**



**Vallarbraut með bílskúr**
Nýleg fullbúin 120 fm, 4ra herbergja íbúð í litlu fjölbýli með 25 fm bílskúr. Yfirbyggðar svalir, góðar innréttinar og gólfefni. **V. 26,5 m.**



**Draumahæð - Endaraðhús.**
Gott endaraðhús á vinsælum stað í Garðabæ. Fjögur svefnherbergi og tvær stofur. Suðursvalir, verönd og góður bakgarður. **V. 49,0 m.**



**Maríubaugur - sérhæð**
Vönduð 120 fm jarðhæð með afgirtri verönd í suðurgarði. 3 góð svefnherbergi. Góðar innr+ettingar og gólfefni. **V. 27,9 m.**



**Barðastaðir - einstök staðsetning**
Mjög vandað 172 fm einbýlishús á einni hæð með innbyggðum 38,3 fm bílskúr. Húsið stendur einstökum stað í jaðri höfuðborgarinnar. Strandlengjan, laxá og tveir golfvellir ásamt fallegum göngu- og hjólaleiðum í næsta nágrenni.



**Fjallalind - Gott parhús**
Parhús á tveimur hæðum með innbyggðum bílskur. Nýleg málað og nýleg gólfefni á neðri hæð. Fjögur svefnherbergi, sjónvarpsstofa og stofa og fallegur bakgarður. **V. 49,5 m.**



**Birkimelur - aukaherb í risi**
Góð 3ja herbergja íbúð á 2. hæð með aukaherbergi í risi. Fallegt gott fjölbýli, tvöföld stofa og góðar svalir. **V. 25,9**



**Ofanleiti - Jarðhæð**
Góð 3ja herbergja íbúð á jarðhæð með sérinngangi og sérgarði. Hús í góðu ástandi . Stutt í alla þjónustu. **V. 24,9m. Áhv. 21,3m.**



**Þorláksgeisli - 250 fm íbúð**
Vönduð 6 herbergja íbúð með tveimur bílskúrum. 5 stór svefnherbergi, tvö baðherbergi, tvennar svalir og bjartar stofur. Vandaðar innréttingar og gólfefni ásamt lýsingu og tækjum.



**Baugakór - 5 herbergja.**
Mjög falleg og vönduð 5 herbergja (fjögur svefnherbergi) endaíbúð á 3. hæð í 4ra hæða lyftuhúsi við Baugakór í Kópavogi. Eigninni fylgir stæð í bílskýli. **V 34,5 m.**



**Öldugrandi - 2ja herb.**
Góð 57 fm íbúð á jarðhæð í litlu fjölbýlishúsi. Góður sérgarður í suðvestri. **V. 17,5 m. Áhv. 12,9 m.**



**Mjölnisholt - miðsvæðis.**
Um er að ræða 69,1 fm. 3ja herbergja íbúð með sameiginlegum inngangi á 2. hæð í tvíbýlishúsi við Mjölnisholt í Reykjavík. **V 18,2 m.**



**Skipholt - 2ja herbergja.**
Vel skipulögð 69,1 fm 2ja herbergja íbúð á 2. hæð ásamt sér bílastæði á þessum eftirsótta stað. Parket og flísar á gólfum. Áhv. 19,1 m. **V 20,5 m.**

**Sama tilboð og alltaf! Góð fagleg þjónusta www.heimili.is**

F A S T E I G N A S A L A N
fasteign.is
Ólafur B Blöndal Lögg. fasteigna- fyrirtækja og skipasali.
☎ 5 900 800 Suðurlandsbraut 18 • Reykjavík • Fax 5 900 808


Ólafur B Blöndal. Lögg. fasteignasali 20 ára starfsreynsla


Íris Hall. Lögg. fasteignasali/ Lögg.leigumiðlari


Gísli Rafn


Helgi Snorrason

# Viltu selja – Viltu kaupa – Viltu leigja
# LAUSNIN ER fasteign.is



## VERSLUN MEÐ EIGIN INNFLUTNING

Stórverslun á höfuðborgarsvæðinu með ýmsar sérvörur. Um er að ræða eina af öflugustu sérvöruverslunum landsins með miklu vöruúrvali og góðri framlegð. Allar vörur fluttar inn frá einum byrgja sem gerir allt umhverfið þægilegra. Miklir möguleikar á stækkun bæði hérlendis sem á Norðurlöndunum. Þetta er tilvalið tækifæri fyrir fjárfesta sem vilja byggja upp stórveldi.


Hafðu samband
KRISTBERG SNJÓLFSSON
Sími: 892 1931


MAGNÚS EINARSSON
Löggiltur fasteignasali
Sími: 512 4900

LANDMARK
FASTEIGNASALA
MAGNÚS EINARSSON - Löggiltur fasteignasali
SÍMI 512 4900 – BOLHOLTI 4 – LANDMARK.IS



## OPIÐ HÚS Í DAG KL. 17:30–18:30

## ÞAKÍBÚÐ F.60 ÁRA OG ELDRI VIÐ HRAFNISTU /KLEPPSVEGUR



**Kleppsvegur 62 Reykjvaík - efsta hæð (7.hæð)** 2ja herbergja 86 fm. íbúð með glæsilegu útsýni og suðursvölum. Húsið er með þjónustusamning við Hrafnistu. Öryggishnappur í íbúð. Verð kr. 19,9 milljónir. Áhvílandi ca. 12 milljónir. Andrés tekur á móti þér og þínum í dag kl. 17,30-18,30 **Nánari upplýsingar gefur Andres Pétur á Fasteign.is í síma 5-900-800 / 772-0202 eða á andres@fasteign.is**

F A S T E I G N A S A L A N
fasteign.is
SÍMI 5 900 800
Ólafur B. Blöndal, löggiltur fasteignasali.



Auglýsingasími
512 50 50




Allt sem þú þarft...



FOLD
FASTEIGNASALA

**Laugavegi 170, 2. hæð • Opið virka daga kl. 9:00-17:00**
**Sími 552 1400 • Fax 552 1405 • www.fold.is • fold@fold.is**

**Viðar Böðvarsson** viðskiptafræðingur og löggiltur fasteignasali
Þjónustusími sölumanna eftir lokun **694 1401**


### Laugateigur 14




Ca. 80 fm. björt og falleg kjallaíbúð á góðum stað. Skiptist í svefnherbergi, stofu, eldhús og bað. Sérgeymsla á hæðinni og sam. þvottahús. Íbúðin er laus við samning. Verð 16,9 millj. **OPIÐ HÚS Í DAG FRÁ 17:30-18** **Viðar sýnir gsm. 694-1401**

### Sumarhús



**Sumarhús Eyrarskógi-skipti á bíl möguleg**
Sumarhús á fallegum stað nálægt Reykjavík á viðráðanlegu verði. Stofa, eldhús, bað og 2 svefnh. Auk þess geymsluskúr. Skipti möguleg á bíl. **Verð 6,9 millj.**

### Einbýlishús



**Einbýli Neshömrum Grafarvogi**
Ca. 183 fm. fallegt einbýli á einni hæð á rólegum og góðum stað v. Neshamra í Grafarvogi. 4 svefnherbergi, góður pallur og mjög fallegur garður. Skipti möguleg á minni eign. **Verð 57,9 millj**

### Raðhús



**Seljabraut-6 svefnherb. og stæði í bílgeymslu**
Ca. 190 fm. raðhús á 3 hæðum. Góður pallur á lóð. 6 svefnherbergi. Stæði í bílgeymslu fylgir. Hentar vel fyrir stórar fjölskyldur. Skipti möguleg á 4ra-5 herbergja íbúð. **Verð 32,9 millj**



**Efstasund 52 einbýli**
Ca. 222 fm. fallegt mikið endurnýjað einbýli á 2 hæðum ásamt bílskúr. Þetta er eign sem er glæsilega endurnýjuð. Bílskúr er í dag innréttaður sem séríbúð. Húsið er mjög smekklega innréttað. Sjón er sögu ríkari. **Verð 59,8 millj.**

### 2ja herbergja



**Vesturberg-endurnýjuð útsýnisíbúð**
Ca. 60 fm. talsvert endurnýjuð falleg íbúð á efstu hæð með frábæru útsýni yfir borgina. Nýlegt eldhús, þvottaherbergi inn af eldhúsi. Góð eign. **Verð 14,9 millj.**



**Blikahólar-útsýnisíb. m. bílskúr**
Ca. 65 fm íbúð á 5.hæð í lyftuhúsi. Frábært útsýni yfir borgina og sjóinn. Góður ca. 26 fm. bílskúr fylgir. **Verð 16,9 millj.**

**Vantar 2ja og 3ja herbergja í 101, 105 og 107"**

**SUMARHÚSIN SELJAST Á FOLD - MIKIL EFTIRSPURN EFTIR SUMARHÚSUM**

## Eignir vikunnar

### Eiðistorg-penthouse



Ca. 112 fm. björt og falleg, talsvert endurnýjuð íbúð á 2 efstu hæðum í lyftuhúsi. Tvennar svalir, sólskáli. 2 svefnherbergi. Íbúðin er mjög smekkleg og er í þægilegu íbúðarhúsi þar sem innangengt er í alla þá þjónustu sem Eiðistorgið hefur uppá að bjóða. **Verð 29,5 millj.**

### Háalind-parhús



Ca, 207 fm glæsilegt, nýlegt parhús á 2 hæðum. Arinn í stofu. Gott eldhús, innréttingar úr hlyni. Húsið er vel hannað og skipulagt með 5 svefnherbergjum, rúmgóðum bílskúr og vönduðum innréttingum. Skipti möguleg á 4ra herbergja íbúð. **Verð 54,9 millj.**

Hvað kostar eignin mín? – Kíktu á **www.fold.is**
– eða hafðu samband í síma **552 1400 / 694 1401**

# FASTEIGNA-MARKAÐURINN

# ÓÐINSGÖTU 4

SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

## ÓSKUM EFTIR ÖLLUM STÆRÐUM OG GERÐUM EIGNA Á SÖLUSKRÁ.



**Skildinganes.**

Fallegt 214,3 fm. einbýlishús á einni hæð með innb. bílskúr á þessum eftirsótta stað í Skerjafirðinum. Eignin skiptist m.a. í samliggjandi rúmgóðar stofur, arinstofu, eldhús með þvottaherbergi innaf, sjónvarpsstofu, 3 herbergi (4 á teikningu) og baðherbergi auk gesta snyrtingar. 640,0 fm eignarlóð. Hiti í innkeyrslu og stéttum fyrir framan hús. **Verð 73,9 millj.**

## ELDRI BORGARAR.

**Grandavegur - 4ra herb. útsýnisíbúð - laus strax.**



114,8 fm. útsýnisíbúð á 6.hæð auk sér stæðis í bílageymslu. Íbúðin skiptist í forstofu, sjónvarpshol, eldhús, samliggjandi stórar og bjartar stofur, 2 herbergi, baðherbergi og þvottaherbergi. Stórar yfirbyggðar svalir til vesturs. Útsýni er yfir borgina til suðurs, að Reykjanesfjallgarði og víðar. Sameiginlegur matsalur á 10. hæð. Á jarðhæð er sameiginlegur líkamsræktarsalur, gufubað og heitir pottar á lóð. Húsvörður. **Verð 31,9 millj.**



**Þorragata - 3ja herb. íbúð- laus strax.**

Björt og vel skipulögð 108,1 fm. íbúð á 2. hæð auk tveggja sér bílastæða í opinni bílageymslu. Íbúðin skiptist í forstofu/hol, eldhús, samliggjandi rúmgóðar stofur, sjónvarpsstofu, 1 svefnherbergi og baðherbergi. Auðvelt er að útbúa svefnherbergi úr sjónvarpsstofu. Um 20 fm. svalir til suðurs út af stofum með fallegu útsýni til sjávar. Gott aðgengi og lyfta. Húsvörður. **Verð 34,9 millj.**

**FOSSVOGUR- EINBÝLISHÚS ÓSKAST**
**Höfum kaupanda að 300-500 fm. einbýlishúsi neðst í Fossvogi. Staðgreiðsla í boði fyrir rétta eign**

## SÉRBÝLI



**Tjarnarstígur -Seltjarnarnesi**

Mikið endurnýjað um 200 fm.einbýlishús á tveimur hæðum á fallegum útsýnisstað á sunnanverðu Seltjarnarnesi. Eignin er mikið endurnýjuð á vandaðan og smekklegan hátt og m.a. í rúmgóðar samliggjandi stofur/sólskála, endurnýjað eldhús, 3 herbergi, fataherbergi og endurnýjað baðherbergi og gestasnyrtingu. **Frábær staðsetning. Verð 56,9 millj.**



**Vesturhús.**

Afar vandað um 265,0 fm einbýlishús á frábærum útsýnisstað í Grafarvoginum. Á efri hæð eru m.a. glæsilegar stofur með arni og útgangi á vestursvalir, eldhús með innréttingum úr hlyni og 4 herbergi auk fataherbergis. Á neðri hæð er sér íbúð auk rýmis er fylgir efri hæð. Ræktuð lóð með viðarverönd til suðurs og hellulögðu bílaplani og stéttum. **Húsið stendur á einstökum útsýnisstað við opið óbyggt svæði.**



**Smárarimi**

Fallegt og vandað 188,3 fm einbýlishús á einni hæð með meðt. 32,0 fm. bílskúr. Húsið er vel staðsett innst í botnlanga á stórri eignarlóð. Aukin lofthæð er í húsinu. Gólfhiti. Verönd til suðvesturs út af stofu. Rúmgott eldhús með eikarinnréttingum og vönduðum tækjum. 4 svefnh. **Verð 54,9 millj.**



**Markarflöt- Garðabæ**

Afar vel staðsett 214,7 fm einbýlishús á einni hæð með innb. tvöf. bílskúr. Húsið skiptist í forstofu með fataherbergi, hol, arinstofu með útgangi á verönd til suðurs, rúmgóða setustofu/borðstofu, eldhús, 5 svefnherbergi og baðherbergi.**Húsið stendur innst í götu á 1.450 fm lóð. Útsýni að Heiðmörkinni og að Reykjanesfjallgarði. Verð 59,0 millj.**



**Nesvegur.**

Fallegt, afar vandað og vel skipulagt 238,1 fm einbýlishús auk 29,0 fm stakstæðs bílskúrs. Gólfsíðir gluggar eru á stórum hluta neðri hæðar og er því húsið mjög bjart og skemmtilegt. Stórar stofur með arni. Eldhús með borðaðstöðu í alrými. Sjónvarpshol með ofanbirtu og arni. 4 svefnherbergi, en teikningar bjóða upp á fleiri. Fataherbergi innaf hjónaherbergi. Harðviður er í gluggum og útihurðum. Tvennar svalir og ræktuð lóð með verönd til suðurs. **Verð 75,0 millj.**



**Kaldalind-Kópavogi**

Glæsilegt 223,0 fm. einbýlishús á tveimur hæðum með innb. 26,6 fm bílskúr . Stórar stofur með útgangi á svalir til vesturs og norðurs. Þrjú stór svefnherbergi. Eldhús með vönduðum innréttingum og góðri borðaðstöðu. Aukin lofthæð er í húsinu og innfelld lýsing er í loftum. Harðviðir eru í gluggum og útihurðum. Falleg ræktuð lóð með miklum veröndum og grjóthleðslum. Vel staðsett eign á góðum útsýnisstað. Verð 69,0 millj.



**Laugarásvegur**

Mjög vel staðsett 269,5 fm einbýlishús á tveimur hæðum í Laugarásnum. Hús að utan er í góðu ástandi, en hið innra þarfnast eignin lagfæringa. Stórar svalir út af stofum. Stór hjónasvíta með fataherbergi.
**Laust til afhendingar við kaupsamn. TILBOÐ ÓSKAST.**

## 4RA HERB. OG STÆRRI

**Bogahlíð – glæsileg íbúð á efstu hæð auk þakgarðs**



Glæsileg 158,1 fm íbúð á efstu hæð auk um 65,0 fm hellulagðs þakgarðs. Íbúðin er öll hin glæsilegasta hvað varðar innréttingar og efnisval. Allar innréttingar, gólfefni og loftaklæðning er úr hlyni. Verulega aukin lofthæð er í allri íbúðinni. Öll aðkoma að húsinu og sameign eru til fyrirmyndar. Sér stæði í bílageymslu.



**Fífusel- aukaherbergi í kjallara.**

Góð 114,5 fm. 4ra herb. íbúð á 2. hæð að meðtöldu 10 fm útleiguherbergi og sér geymslu í kj. Björt stofa með útgengi svalir til suðausturs. 3 herbi. Þvottaherbergi innan íbúðar. Sér stæði í upphituðu bílskýli. Leikvöllur beggja vegna við húsið. Stutt í alla þjónstu. **Verð 22,7 millj.**



**Barónsstígur**

Góð 4ra herb. 92,0 fm íbúð á 2. hæð í góðu steinhúsi í miðborginni. Íbúðin er mikið endurnýjuð m.a. eldhús, baðherbergi og gólfefni að hluta. Samliggjandi stofur, opið eldhús, 2 rúmgóð herbergi auk herbergis við inngang íbúðar. Sér geymsla í kj. **Laus fljótlega. V erð 24,7 millj.**



**Hraunbær.**

Rúmgóð 97,6 fm. 4ra herb. íbúð á 2. hæð auk 15,4 fm. herbergis og sér geymslu á jarðhæð. Björt og rúmgóð stofa með útgengi á svalir til suðurs. 3 góð herbergi. Íbúðin er nýmáluð. Stutt í skóla, leikskóla, sundlaug og flesta þjónustu. Örstutt í Elliðaárdalinn. **ATH. LÆKKAÐ VERÐ 17,9 MILLJ. GÓÐ KAUP.**

## 3JA HERB.



**Fjarðargata-Hafnarfirði. Útsýnisíbúð**

Vel skipulögð 117,6 fm á 3. hæð í lyftuhúsi með stórum flísalögðum svölum og útsýni til sjávar. Stórar og bjartar stofur, rúmgott eldhús og 2 herbi. Þvottah. og geymsla innan íbúðar. Aðkoma góð, upphitaðar stéttar og sameign til fyrirmyndar. **ÁHV. HAGSTÆTT LÁN UM 14,7 MILLJ. VERÐ 29,9 MILLJ.**



**Vindás – 3ja herb.**

**STOLTUR AFI** Jim Carrey eignaðist sitt fyrsta barnabarn í febrúar. Hann segir dóttursoninn virkilega fyndinn.

# Segir afasoninn fyndinn

Jim Carrey segir að dóttursonur sinn sé virkilega fyndinn og að hann minni sig mikið á sjálfan sig í æsku. Dóttir Carreys eignaðist drenginn í febrúar og er hann því aðeins nokkurra mánaða gamall. „Hann er alltaf með þennan prakkarasvip og maður sér að hann er að hugsa: „Ég er með þetta. Ég veit þið viljið sjá mig og ég veit að ef ég segi „hæ“ fara allir að hlæja‘,“ segir afinn stolti.



**HAMINGJUSÖM** Leikkonan Kirstie Alley ku vera mjög hamingjusöm með Ted Volynets, sem er fjörutíu árum yngri en hún.

# Yngir upp

Leikkonan Kristie Alley er byrjuð með dansaranum Ted Volynets, sem væri ekki í frásögur færandi nema fyrir þær sakir að dansarinn er heilum fjörutíu árum yngri en leikkonan.

Alley er hvað þekktust fyrir leik sinn í sjónvarpsþáttunum Cheers en ferill hennar gekk í endurnýjun lífdaga eftir þátttöku í dansþættinum Dancing with the Stars. Þátturinn er mjög vinsæll vestanhafs og lenti Alley þar í öðru sæti. Þar kynntist hún dansaranum unga, sem er einungis þremur árum eldri en dóttir Alley.



# sport

sport@frettabladid.is



**SEXTÁN LIÐA ÚRSLIT** Valitor-bikars karla í fótbolta hefjast í kvöld með þremur leikjum. Pepsi-deildarliðin Þór og Víkingur mætast á Þórsvellinum klukkan 18.30 og klukkan 19.15 spila Haukar og Keflavík á Ásvöllum og Fjölnir tekur á móti Hamri á Fjölnisvellinum. Þrír leikir fara síðan fram á þriðjudag og síðustu tveir verða spilaðir á fimmtudaginn. Þar á meðal er stórleikur KR og FH á KR-vellinum

## ÚRSLITIN Á EM

### A-riðill

| | |
|---|---|
| **Ísland-Danmörk** | **3-1** |
| **Sviss-Hvíta-Rússland** | **3-0** |
| Mehmedi 2 (6. víti, 43.), Feltscher (90.+3) | |

**STAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Sviss** | **3** | **3** | **0** | **0** | **6-0** | **9** |
| Hvíta-Rússland | 3 | 1 | 0 | 2 | 3-5 | 3 |
| **Ísland** | **3** | **1** | **0** | **2** | **3-5** | **3** |
| Danmörk | 3 | 1 | 0 | 2 | 3-5 | 3 |

### B-riðill

| | |
|---|---|
| **England-Tékkland** | **1-2** |
| Danny Welbeck (76.) - Jan Chramosta (89.), Tomas Pekhart (90.+4) | |
| **Úkraína-Spánn** | **0-3** |
| Juan Manuel Mata 2 (10., 72. víti), Adrián (27.) | |

**STAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Spánn** | **3** | **2** | **1** | **0** | **6-1** | **7** |
| Tékkland | 3 | 2 | 0 | 1 | 4-4 | 6 |
| **England** | **3** | **0** | **2** | **1** | **2-3** | **2** |
| Úkraína | 3 | 0 | 1 | 2 | 1-5 | 1 |

### Undanúrslitin

| | |
|---|---|
| Spánn-Hvíta-Rússland | Mið. 22. júní 16.00 |
| Sviss-Tékkland | Mið. 22. júní 19.00 |



**TVEIR GÓÐIR SAMAN** Sigursteinn Gíslason ásamt Guðjóni Þórðarsyni á leiknum. FRÉTTABLAÐIÐ/GUÐMUNDUR BJARKI

Meistaraleikur Steina Gísla:

## Frábær mæting

**FÓTBOLTI** ÍA og KR léku á laugardagskvöldið styrktarleik fyrir Sigurstein Gíslason sem kallaðist Meistaraleikur Steina Gísla og tókst frábærlega. Liðin gerðu 2-2 jafntefli en tæplega 4.000 manns mættu á völlinn, sem er mesta aðsókn á Skaganum í fimmtán ár. Einar Þór Daníelsson og Rúnar Kristinsson skoruðu fyrir KR en Bjarni Guðjónsson og Ólafur Þórðarson fyrir ÍA.

Þetta var ágóðaleikur fyrir Sigurstein, sem greindist á dögunum með krabbamein í nýrum og lungum. Allar tekjurnar af þessum leik runnu til Sigursteins og fjölskyldu.

„Ég er djúpt snortinn og mjög hrærður yfir þessu. Það er ótrúlegt framtak hjá þessum strákum að standa fyrir þessu og ég á varla orð yfir þetta,“ sagði Sigursteinn í viðtali á Stöð 2 en hann tjáði sig líka um veikindin. „Þetta var rosalegt sjokk og mikið lagt á ekki bara mig heldur alla fjölskylduna og alla í kringum okkur. Þetta er mjög erfitt en ég tók strax þá ákvörðun að taka þessu af æðruleysi. Ég ætla bara að vera jákvæður og fara í gegnum þetta. Þetta er bara einn leikur, reyndar langur leikur en ég ætla bara að vinna hann,“ sagði Sigursteinn Gíslason. - óój



**MÖRG FAÐMLÖG Í LEIKSLOK** Sigursteinn Gíslason þakkar Alexander Högnasyni fyrir í lok leiks. FRÉTTABLAÐIÐ/GUÐMUNDUR BJARKI

# Áttum að gefa okkur meiri tíma

**Eyjólfur Sverrisson, þjálfari U-21 liðsins, segir að stóra lexían eftir Evrópumeistaramótið sé að undirbúningurinn fyrir mótið hafi þurft að vera lengri. Hann segir einnig að samstarf við A-landslið karla hafi verið ekkert.**

**FÓTBOLTI** Ísland féll um helgina úr leik á EM U-21 liða í Danmörku þrátt fyrir glæsilegan 3-1 sigur á heimamönnum. Tapleikirnir tveir í upphafi riðlakeppninnar reyndust Íslandi að lokum banabiti þó svo að litlu hafi mátt muna. 4-1 eða 3-0 sigur gegn Dönum hefði dugað Íslandi til að komast áfram í undanúrslit keppninnar.

Strákarnir sýndu loksins sitt rétta andlit í leiknum um helgina og spiluðu eins og þeir gerðu best í undankeppninni. Liðið komst loksins af stað en hið sorglega er að tvo leiki þurfti til þess.

Eyjólfur Sverrisson þjálfari segir að það eigi sínar skýringar. Þær felist fyrst og fremst í því hvernig liðið hafi búið sig undir úrslitakeppnina. Leikmennirnir 23 komu ekki saman fyrr en 8. júní og æfðu fyrst saman að kvöldi næsta dags – tveimur dögum fyrir fyrsta leik.

Leikmenn liðsins voru langflestir uppteknir með A-landsliðinu eða félögum sínum í Pepsi-deildinni. Flestir fengu sig því ekki lausa fyrr.

„Umgjörðin sem við fengum til að sinna undirbúningnum var mjög erfið,“ sagði Eyjólfur. „Við hefðum átt að gera þetta öðruvísi. Við hefðum átt að gefa okkur meiri tíma með strákunum.“

Hann bendir þó á að hann hafi sjálfur ekki séð lausnina. „Við fórum margoft yfir þetta en ég þekki mótamál Íslandsmótsins með nákvæmum hætti og get því ekki tjáð mig um þetta í miklum smáatriðum. Mér var sagt að þetta hefði ekki verið hægt öðruvísi og trúi ég því auðvitað að menn séu að koma hreint og beint fram hvað þessi mál varðar.“

Hann segir að A-landsliðinu yrði aldrei boðið upp á svo stuttan undirbúning fyrir stórmót. „Kannski geta menn lært af þessu. En niðurstaðan fyrir okkur er svekkjandi.“



**SVEKKTUR ARON EINAR** Aron Einar Gunnarsson hljóp úr sér lungu og lifur eins og aðrir í íslenska U-21 landsliðinu gegn Dönum og var sársvekktur í leikslok þrátt fyrir 3-1 sigur. Ísland var úr leik á EM. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Eyjólfur segir að þrátt fyrir 2-0 tap fyrir Hvíta-Rússlandi í fyrsta leik hafi Ísland spilað vel lengst af í leiknum. Hann blæs á gagnrýnisraddir um annað.

„Ég var ekki sammála þeim sérfræðingum heima á Íslandi sem gagnrýndu liðið fyrir að vera of hægt í þeim leik. Það er auðvitað bara kjaftæði. Ef einhverjir snillingar heima hafa verið að vanmeta Hvít-Rússa, þá vorum við ekki að því. Við fórum eins inn í þann leik og gegn Dönum – með því að sýna þolinmæði, þreifa fyrir okkur og finna hvar við gætum komið höggstað á þá. Við vorum nálægt því gegn Hvít-Rússum en fengum á okkur óréttmætt rautt spjald og rangstöðumark sem reyndist okkur afar dýrkeypt á endanum. Strákarnir voru síðan stórkostlegir gegn Dönum og sýndu loksins sitt rétta andlit.“

Eyjólfur mun halda áfram að þjálfa U-21 lið Íslands og tekur við nýjum hópi leikmanna í haust. U-21 liðið hefur lent í árekstrum við A-lið karla vegna leikmanna en spurður segir Eyjólfur ekkert samstarf hafa verið á milli þessara tveggja liða. „Nei, í raun og veru ekki. Það þarf að vera meira og þá á milli landsliða í öllum aldursflokkum. Það þarf meiri yfirsýn yfir starfsemina og samræma aðgerðir,“ viðurkennir Eyjólfur en segir alls enga óvild ríkja á milli hans og Ólafs Jóhannessonar landsliðsþjálfara. „Ég hef fengið að kynnast því hvernig önnur lönd standa að þessum málum og tel ég rétt að öll landslið Íslands í knattspyrnu þurfi að vera betur samstíga.“

Hann hrósaði sínum leikmönnum í hástert að loknu mótinu. „Ég er klökkur yfir því að hafa starfað með þessum frábæra hópi. Þessir strákar eru snillingar og eiga eftir að ná enn lengra og koma A-liðinu á stórmót. Það eigum við eftir að skemmta okkur konunglega.“


**Eiríkur Stefán Ásgeirsson og Anton Brink** fjalla um EM U21 í Danmörku



eirikur@frettabladid.is - anton@frettabladid


Viðbrögð íslensku leikmannnanna eftir leikinn gegn Danmörku á laugardaginn:

## Þögguðum í gagnrýnisröddunum

**FÓTBOLTI** „Ég vona að Íslendingar hafi verið stoltir af okkur í dag og slökkt á Twitter-aðdáendunum,“ sagði Aron Einar Gunnarsson, leikmaður íslenska U-21 liðsins, við Fréttablaðið eftir leikinn í gær. Eins og aðrir leikmenn liðsins var hann sár og svekktur með að hafa ekki komist áfram en stoltur af frammistöðu liðsins í leiknum gegn Dönum.

Ísland fagnaði 3-1 sigri á Dönum á laugardaginn en hefði þurft að skora eitt mark til viðbótar til að komast áfram. Tapleikirnir tveir í upphafi riðlakeppninnar reyndust of dýrkeyptir og Ísland féll því úr leik.

Leikmenn sögðu þó að liðið hefði náð að svara þeirri gagnrýni sem það fékk á sig eftir töpin gegn Hvíta-Rússlandi og Sviss. „Það var allt undir í þessum leik. En við vorum frábærir og fannst mér að við hefðum fengið nokkuð harða gagnrýni á okkur frá sumum heima. En við erum gott lið og ég held að enginn sé í vafa um það í dag,“ sagði Eggert Gunnþór Jónsson.

Á endanum komst Hvíta-Rússland áfram með Sviss upp úr A-riðli og fannst mörgum það súrt í broti. „Það er ótrúlega skrýtið að Hvíta-Rússland sé komið áfram,“ sagði Rúrik Gíslason. „Við hefðum átt að vinna þann leik. Það er hárfín lína á milli þess hvort við vinnum eða töpum þeim leik. Mér fannst íslenskt mark liggja í loftinu allan leikinn og verður það að skrifast á algeran klaufaskap að við skyldum ekki vinna þann leik.“



**FYRSTA MARKIÐ** Kolbeinn Sigþórsson skorar hér fyrsta mark Íslands á EM í Danmörku. Íslensku mörkin urðu á endanum þrjú. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Gylfi Þór Sigurðsson sagði samheldni og vináttu leikmanna hafa verið lykilatriði í því að sigrast á mótlætinu sem liðið fann fyrir í Danmörku. „Ég held að það hafi helst verið vegna þess að við erum allir góðir vinir og allir saman í þessu. Samheldnin er mikil í liðinu. Við vissum að við værum betri en við gáfum til kynna í síðustu leikjum. Við settumst því niður, töluðum saman og ræddum um hvað við þyrftum að bæta. Við gerðum það hér í dag.“

Allir voru þó strákarnir sammála um að þeir hefðu sjálfir komið sér í þessa stöðu og gætu engum öðrum um kennt. „Við vorum hársbreidd frá því að komast áfram og það er það sem er svo svekkjandi. En við komum okkur í þessa stöðu sjálfir,“ sagði Aron Einar. „En í dag lögðum við okkur alla fram, unnum Dani og getum verið stoltir af okkur.“ - esá

| **Ísland** | **3-1** | **Danmörk** |
|---|---|---|
| Álaborg, áhorf.: 9.308 | | Mazic, Serbíu (2) |

*1-0 Kolbeinn Sigþórsson (58.)*
*2-0 Birkir Bjarnason (60.)*
*2-1 Bashkim Kadrii (81.)*
*3-1 Hjörtur Logi Valgarðsson (91.)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 17–26 (7–8) |
| Varin skot | Haraldur 7 – Andersen 4 |
| Horn | 4–9 |
| Aukaspyrnur fengnar | 12–13 |
| Rangstöður | 4–4 |

**ÍSLAND** 4–3–3

| | |
|---|---|
| ***Haraldur Björnsson** | **9** |
| Eggert Gunnþór Jónsson | 6 |
| Hólmar Örn Eyjólfsson | 5 |
| Jón Guðni Fjóluson | 7 |
| Hjötur Logi Valgarðsson | 7 |
| Aron Einar Gunnarsson | 8 |
| Birkir Bjarnason | 8 |
| (79. Arnór Smárason | -) |
| Gylfi Þór Sigurðsson | 8 |
| Jóhann Berg Guðmundsson | 7 |
| Rúrik Gíslason | 6 |
| (68. Björn Bergmann Sigurðarson | 6) |
| Kolbeinn Sigþórsson | 8 |

*Maður leiksins



FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**2-0** Birkir Bjarnason fagnar marki sínu.

## ÚRSLIT

### Valitor-bikar kv. 8 liða úrsl.

| | |
|---|---|
| ÍBV - Völsungur | 4-0 |
| Berglind Björg Þorvaldsdóttir (2 mörk), Danka Podovac, Hlíf Hauksdóttir. | |
| Þór/KA - Fylkir | 0-1 |
| 0-1 Anna Björg Björnsdóttir (33.) | |
| Sindri - Afturelding | 0-2 |
| Elín Svavarsdóttir, Kristrún Halla Gylfadóttir. | |
| Stjarnan - Þróttur R. | 5-0 |
| 1-0 Gunnhildur Yrsa (6.), 2-0 Kristen Edmonds (33.), 3-0 Kristrún Kristjánsd.(35.), 4-0 Þórhildur Stefánsdóttir (62.), 5-0 Ashley Bares (87.) | |
| Fjölnir - Grindavík | 0-5 |
| Shaneka Gordon 3 (3., 38., 44), Saga Finnbogadóttir (25.), Dernelle Mascall (78.) | |
| Selfoss - KR | 3-4 |
| Anna Þorsteinsdóttir 2 (60., 90.), Anna María Friðgeirsd.(54.) - Dagmar Mýrdal Gunnarsd. 3 (8., 38., 75.) Freyja Viðarsd. (90.) | |
| Breiðablik - Valur | 0-1 |
| 0-1 Kristín Ýr Bjarnadóttir (6.) | |
| FH - ÍA | 8-0 |
| Aldís Kara Lúðvíksdóttir 3, Sigrún Ella Einarsdóttir 3, Bryndís Jóhannesdóttir 2. | |



**KÁRI STEINN KARLSSON** Náði í 26 stig fyrir Ísland um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

Ísland í fjórða sæti á EM:

## Rok og rigning hefðu hjálpað

**FRJÁLSAR ÍÞRÓTTIR** Ísland lenti í fjórða sæti í 3. deild í Evrópubikarnum í frjálsum íþróttum sem fram fór á Laugardalsvelli um helgina. Ísland hlaut 411 stig sem er ellefu stigum meir en liðið hlaut á sama móti á Möltu fyrir ári. Unnur Gunnarsdóttir verkefnastjóri landsliðsins og Evrópubikarsins var mjög ánægð með frammistöðu íslenska liðsins.

Hún sagði Ísland þó hafa liðið fyrir fjölþrautarmót í Tékklandi í vikunni þar sem Einar Daði Lárusson var meðal keppenda. Hann treysti sér ekki til að hlaupa í 110 metra grindahlaupi vegna þreytu.

Þá hefði ungt fjölþrautarfólk staðið sig vel á Norðurlandamóti í Finnlandi um helgina. Sumt þeirra hefði styrkt íslenska liðið.

Unnur sagði skipulagningu mótsins, sem er hið stærsta sinnar tegundar sem haldið hefur verið hér á landi, hafa tekist einkar vel. Allar tímasetningar hefðu staðist og í raun hefði veðrið verið of gott ef eitthvað var. „Ég hefði alveg verið til í rok og rigningu. Það hefði hjálpað okkar liði,“ sagði Unnur. Ísrael og Kýpur lentu í efstu sætum og unnu sér sæti í 2. deild. - ktd

## EM Í FRJÁLSUM

### Efstu þjóðir (2 efstu fóru upp)

| | |
|---|---|
| 1. sæti | Ísrael, 490 stig |
| 2. sæti | Kýpur, 469 stig |
| 3. sæti | Moldóvía, 440 stig |
| **4. sæti** | **Ísland, 411 stig** |
| 5. sæti | Bosnía, 390 stig |

### Íslendingar á topp þrjú

| | |
|---|---|
| **Björgvin Víkingsson** | **400 m grind** |
| 3. sæti á 52,96 sekúndum | 13 stig |
| **Ásdís Hjálmsdóttir** | **spjótkast** |
| 1. sæti með 55,18 metra | 15 stig |
| **Bergur Ingi Pétursson** | **sleggjukast** |
| 3. sæti með 66,79 metra | 13 stig |
| **Óðinn Björn Þorsteinsson** | **kúluvarp** |
| 3. sæti með 18,75 metra | 13 stig |
| **Fjóla Signý Hannesdóttir** | **400 m hlaup** |
| 3. sæti á 57,52 sekúndum | 13 stig |
| **Kristinn Torfason** | **langstökk** |
| 2. sæti með 7,78 metra | 14 stig |
| **Kári Steinn Karlsson** | **5000 m hlaup** |
| 3. sæti á 14:29,49 mínútum | 13 stig |
| **Bjarki Gíslason** | **stangarstökk** |
| 3. sæti með 4,80 metra | 13 stig |
| **Helga Margrét Þorsteinsdóttir** | **kúluvarp** |
| 2. sæti með 13,90 metra | 14 stig |
| **Hafdís Sigurðardóttir** | **langstökk** |
| 2. sæti með 5,99 metra | 14 stig |
| **Kári Steinn Karlsson** | **3000 m hlaup** |
| 3. sæti á 8:21,17 mínútum | 13 stig |

Sextán liða úrslit Valitor-bikars kvenna í fótbolta fóru fram um helgina og átta liða úrslitin eru klár:

# Bikarsigur á Blikum boðar gott fyrir Valskonur

**FÓTBOLTI** Valskonur héldu sigurgöngu sinni áfram í bikarnum í gær þegar þær unnu 1-0 sigur á Breiðabliki í leik liðanna í 16 liða úrslitum Valitor-bikars kvenna á Kópavogsvellinum.

Valsliðið hefur unnið bikarinn undanfarin tvö ár og var að slá Breiðablik út úr sextán liða úrslitunum annað árið í röð. Auk Vals komust Grindavík, KR, FH, Stjarnan, Fylkir, ÍBV og Afturelding áfram í átta liða úrslitin um helgina.

Bikarsigurinn á Breiðabliki boðar líka gott fyrir Valskonur því að síðustu fimm bikarmeistarar eiga það sameiginlegt að hafa slegið út Blika á leið sinni að titlinum, þ.e. allir bikarmeistarar síðan Breiðablik vann bikarinn síðast haustið 2005. Kristín Ýr Bjarnadóttir skoraði sigurmark Vals strax á 6. mínútu.

Shaneka Gordon skoraði þrennu fyrir Grindavík í 5-0 útisigri á Fjölni, Dagmar Mýrdal Gunnarsdóttir skoraði þrennu fyrir KR í 4-3 sigri á Selfossi og þær Aldís Kara Lúðvíksdóttir og Sigrún Ella Einarsdóttir voru báðar með þrennu fyrir FH í 8-0 sigri á ÍA í Kaplakrika. - óój



**EITT MARK NÓG** Valskonur komust áfram eftir 1-0 sigur í Kópavogi. FRÉTTABLAÐIÐ/HAG



> **Sean P. Diddy Combs**

„Ég ber mikla virðingu fyrir sviðsleikurum. Þar er ekki mögulegt að taka tíu eða fimmtán tökur heldur er allt flutt á staðnum.“

***Sean P. Diddy Combs er meðal leikara í kvikmyndinni A Raisin in the Sun, um bandaríska fjölskyldu af afrískum uppruna sem berst við fátækt, rasisma og togstreitu í leit að betra lífi og er sýnd á Stöð 2 bíói kl. 20.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ JÓN AÐALSTEINN BERGSVEINSSON Á NOKKRA POKA FULLA AF ÚRELTU STÖFFI

# *Kassettan bíður í hreinsunareldinum*

Fyrir síðustu jól voru ermar brettar upp og stefnan sett á að fara með alla hluti í endurvinnslu sem safnað höfðu ryki. Þegar músastigar voru um það bil að fara upp stóð ég frammi fyrir tveimur fullum innkaupapokum af VHS-spólum og rykföllnum pappakassa með segulbandsspólum sem höfðu verið inni í skáp í nokkur ár.

Það er langt síðan ég flokkaði þessar spólur, skrifaði innihald hverrar spólu samviskusamlega niður á blað og grísjaði safnið. Blaðið gufaði upp fyrir löngu.

Það skiptir sosum ekki öllu. Ég man nokkurn veginn hvað er á þessum spólum: ein geymir upptöku af útvarpsþættinum Súrum rjóma frá vorinu 1999 þegar Sigur Rós hafði enn ekki gefið út Ágætis byrjun; ein hlið spólu geymir upptöku Rásar 2 af tónleikum Sykurmolanna frá því fyrir 1990. Ég man ekki hvað var á hinni hliðinni en það hlýtur að hafa verið þess virði að geyma. Roger Whittaker flautar á annarri og ein er orginall með Goombay Dance Band. Í VHS-pokunum er ein spóla með upptöku af sjónvarpsmynd sem mig hafði lengi langað til að sjá en man hvorki lengur hvað heitir né um hvað.



Gróflega ályktað veit ég ekki hvaða efni er á um tuttugu kassettum og álíka mörgum myndbandsspólum. Það skiptir minnstu, hugsaði ég með mér sem ég gekk niður í geymslu með pokana og kassann og kom þessu öllu saman fyrir á aðgengilegum stað í hillu. Einn góðan veðurdag mun ég eignast segulbandstæki aftur, jafnvel gerast villtur og tengja þetta fína myndbandstæki með víðóminum aftur við sjónvarpið. Ég hef ekki notað það í fjögur, kannski fimm ár. Samt er það enn í sjónvarpsskápnum. Svo er aldrei að vita nema ég taki tækið niður um næstu jól og setji það við hliðina á spólunum. Þar gæti ég geymt það þangað til ég eignast aftur segulbandstæki.

## RÚV

**15.35 Evrópumót landsliða undir 21 árs** (England - Tékkland) (e)
**17.20 Landinn** (e)
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Mærin Mæja** (19:52)
**18.08 Húrra fyrir Kela** (29:52)
**18.30 Sagan af Enyó** (25:26)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.15 Horfnir heimar – Kóngur snýr aftur** (4:6) (Ancient Worlds) Heimildarmyndaflokkur frá BBC um rætur siðmenningarinnar á tímabilinu þegar fyrstu borgirnar urðu til í Mesópótamíu og til falls Rómaveldis. Mikilmennin hafa verið mörg í sögu mannkyns en fáir hafa getið sér viðlíka frægð og Alexander mikli af Makedóníu. Hann sameinaði grísku borgríkin og fór fyrir þeim í hernaði gegn hinum fornu fjendum þeirra Persum. Á rétt rúmum áratug braut hann undir sig landsvæðið frá Egyptalandi í vestri til Afganistans í austri.
**21.10 Leitandinn** (29:44) (Legend of the Seeker) Bandarísk þáttaröð um ævintýri kappans Richards Cyphers og dísarinnar Kahlan Amnell. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Liðsaukinn** (5:32) (Rejseholdet)
**23.20 Læknadóp** (e)
**00.10 Kastljós** (e)
**00.45 Fréttir** (e)
**00.55 Dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.25 Meet Dave**
**10.00 Get Smart**
**12.00 Happily N'Ever After**
**14.00 Meet Dave**
**16.00 Get Smart**
**18.00 Happily N'Ever After**
**20.00 A Raisin in the Sun**
**22.10 Who the *$&% Is Jackson Pollock**
**00.00 21**
**02.00 Shadowboxer**
**04.00 Who the *$&% Is Jackson Pollock**
**06.00 The Dark Knight**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.10 Lie to Me** (13:13)
**10.55 Total Wipeout** (3:12)
**11.55 Smallville** (5:22)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Frasier** (22:24)
**13.35 American Idol** (13:43)
**15.00 ET Weekend**
**15.50 Barnatími Stöðvar 2**
**17.05 Bold and the Beautiful**
**17.30 Nágrannar**
**17.55 The Simpsons** (12:22)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.06 Veður**
**19.15 Two and a Half Men** (16:22)
**19.40 Modern Family** (5:24)
**20.05 Oprah**
**20.50 Fairly Legal** (3:10) Ný dramatísk og hnyttin þáttaröð sem fjallar um Kate Reed. Hún starfaði sem lögmaður á virtri lögfræðistofu fjölskyldunnar sinnar í San Francisco en ákvað að gerast sáttamiðlari þar sem henni fannst réttarkerfið ekki vera nógu skilvirkt.
**21.35 Nikita** (14:22) Ný og hörkuspennandi þáttaröð frá Warner Bros um leyniþjónustuna Division sem ræður til sín ungmenni sem áttu erfiða æsku.
**22.20 Saving Grace** (12:14)
**23.05 Office** (2:6)
**23.40 Modern Family** (21:24)
**00.05 How I Met Your Mother** (12:24)
**00.30 Bones** (12:23)
**01.15 Hung** (9:10)
**01.45 Bored to Death** (2:8)
**02.10 The Tudors** (5:8)
**03.00 The Tudors** (6:8)
**03.55 Human Target** (2:12)
**04.40 Fairly Legal** (3:10)
**05.20 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**16.25 FK Austria Wien - Figo & Friends** Útsending frá knattspyrnuleik milli FK Austria Wien og stjörnuliðs Luis Figo.
**18.10 Sterkasti maður Íslands** Sýnt frá keppninni um Sterkasta mann Íslands en flestir af sterkustu mönnum landsins eru mættir til leiks í þessu skemmtilega móti.
**18.45 Enski deildabikarinn: Man. Utd - Wolves** Útsending frá leik Man. Utd og Wolves í enska deildabikarnum.
**20.30 Blanda** Flottur þáttur þar sem veitt verður í Blöndu og allir helstu leyndardómar þessarar skemmtilegu ár skoðaðir.
**21.00 No Crossover: The Trial of Allen Iverson** Heimildarmynd frá ESPN einn besta körfuboltamann síðari ára, Allen Iverson, og atvik sem hafði djúpstæð áhrif á uppvaxtarár hans. Atvikið átti sér stað í febrúar 1993 í keilusal í Hampton í Virginíu. Iverson var 17 ára nemandi og íþróttastjarna í Bethel High School þegar hann og fimm vinir hans lentu í slagsmálum við hóp hvítra ungmenna. Í kjölfarið var hann dæmdur til fangelsisvistar og bærinn skiptist í tvær fylkingar í málinu.
**22.25 F1: Við endamarkið** Keppni helgarinnar í Formúlu 1 kappakstrinum krufin til mergjar.
**22.55 Enski deildabikarinn: Newcastle - Arsenal**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**18.00 PL Classic Matches: Chelsea - Tottenham Hotspurs**
**18.30 Newcastle - Man. City** Útsending frá leik Newcastle United og Manchester City í ensku úrvalsdeildinni.
**20.15 West Ham - Liverpool** Útsending frá leik West Ham og Liverpool í ensku úrvalsdeildinni.
**22.00 Blackpool - Arsenal** Útsending frá leik Blackpool og Arsenal í ensku úrvalsdeildinni.
**23.45 PL Classic Matches: Tottenham - Everton, 2002**

## SKJÁREINN

**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Pepsi MAX tónlist**
**17.25 Rachael Ray**
**18.10 Top Chef** (4:15) (e)
**19.00 Kitchen Nightmares** (12:13) (e)
**19.45 Will & Grace** (24:25) Endursýningar frá upphafi á hinum frábæru gamanþáttum.
**20.10 One Tree Hill** (8:22) Bandarísk þáttaröð um hóp ungmenna sem ganga saman í gegnum súrt og sætt.
**20.55 Hawaii Five-0** (16:24) Bandarísk þáttaröð sem byggist á samnefndum spennuþáttum sem nutu mikilla vinsælda á sjöunda og áttunda áratugnum. Sérsveitin undir stjórn McGarretts þarf að vernda afar mikilvægt vitni í sérkennilegu morðmáli sem upp kom á eyjunni.
**21.45 CSI: New York - NÝTT** (1:22) Bandarísk sakamálasería um Mac Taylor og félaga hans í rannsóknardeild lögreglunnar í New York. Nýjasti meðlimur rannsóknarteymisins er FBI lögreglukonan fyrrverandi Jo Danville. Hún hleypir öllu í bál og brand þegar hún gengur fram á lík á sjálfri lögreglustöðinni.
**22.35 Penn & Teller** (10:10) Galdrakarlarnir brögðóttu Penn og Teller afhjúpa svikahrappa og svindlara í þessum bráðskemmtilegu þáttum. Fyrir skömmu kom í ljós fylgni á milli bólusetninga barna og einhverfu. Penn og Teller kanna hvort eitthvað sé hæft í þessari staðhæfingu.
**23.05 Californication** (12:12) (e)
**23.35 Law & Order: Criminal Intent** (4:16) (e)
**00.25 CSI: Miami** (8:24) (e)
**01.10 Will & Grace** (24:25) (e)
**01.30 Hawaii Five-0** (16:24) (e)
**02.15 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00 ESPN America**
**06.50 US Open 2011** (4:4)
**12.00 Golfing World**
**12.50 US Open 2011** (4:4)
**18.00 Golfing World**
**18.50 US Open 2011** (4:4)
**22.00 Golfing World**
**22.50 Champions Tour - Highlights**
**23.45 ESPN America**

## EXTRA

**19.30 The Doctors** Frábærir spjallþættir.
**20.15 Ally McBeal** (10:22) Ally reynir að aðstoða mann sem er staðráðinn í að láta ævilangan draum sinn rætast. Elaine og Fish leita aðstoðar í stefnumótaleit.
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.50 The Mentalist** (24:24) Þriðja serían af frumlegri spennuþáttaröð um Patrick Jane, sjálfstætt starfandi ráðgjafa rannsóknarlögreglunnar í Kaliforníu.
**22.35 Rizzoli & Isles** (6:10) Spennandi glæpaþáttaröð um leynilögreglukonuna Jane Rizzoli og lækninn Maura Isles sem eru afar ólíkar en góðar vinkonur. Jane er eini kvenleynilögreglumaðurinn í morðdeild Boston og er hörð í horn að taka og mikill töffari. Maura er hins vegar afar róleg og líður best á rannsóknarstofu sinni meðal þeirra látnu.
**23.20 Damages** (5:13) Þriðja þáttaröðin með Glenn Close og Rose Byrne í aðalhlutverki. Lögfræðingurinn Patty Hewes lætur ekkert stöðva sig og heldur upp óbreyttum hætti við að verja misjafna einstaklinga á meðan Ellen Parsons er farin að vinna fyrir saksóknara.
**00.05 Ally McBeal** (10:22)
**00.50 The Doctors**
**01.30 Sjáðu**
**01.55 Fréttir Stöðvar 2**
**02.45 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## N4

**18.15 Að norðan** Fjölbreyttur þáttur um norðlenskt mannlíf.
**18.30 2 gestir** Fjölbreyttur þáttur þar sem að gestastjórnandi fær til sín góðan gest.

## ÍNN

**20.00 Heilsuþáttur Jóhönnu**
**20.30 Golf fyrir alla**
**21.00 Frumkvöðlar** Elínóra Inga og frumkvöðlar Íslands.
**21.30 Eldhús meistaranna** Magnús Ingi og Viðar Freyr í eldhúsum höfuðborgarinnar.
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 91,9 Kaninn | FM 95,7 FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |




## Í KVÖLD



### STÖÐ 2 KL. 20.05
### Oprah

Spjallþáttadrottningin Oprah Winfrey er að hætta með daglegan spjallþátt sinn eftir 25 ár á toppnum. Stöð 2 sýnir nú fyrri þáttinn af tveimur þar sem stærstu stjörnur Hollywood koma henni á óvart og þakka fyrir samstarfið.

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.00** Fréttir **07.03** Vítt og breitt **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Stefnumót **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Hringsól **14.00** Fréttir **14.03** Konungur slaghörpunnar: Franz Liszt **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Hin hljóðu tár **15.25** Fólk og fræði **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Eyðibýlið **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Í lok dags **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Heimsmenning á hjara veraldar **20.00** Leynifélagið **21.10** Um Njáls sögu **21.30** Kvöldsagan: Njáls saga **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Girni, grúsk og gloríur **23.15** Kvika **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

### BBC entertainment

**10.25** EastEnders **10.55** Fawlty Towers **11.30** The Weakest Link **12.20** Keeping Up Appearances **12.50** ,Allo ,Allo! **13.20** ,Allo ,Allo! **13.50** ,Allo ,Allo! **14.25** The Weakest Link **15.10** The Weakest Link **16.00** Fawlty Towers **16.30** ,Allo ,Allo! **17.05** ,Allo ,Allo! **17.35** Dalziel and Pascoe **18.20** Dalziel and Pascoe **19.10** Top Gear **20.00** Jack Dee Live at the Apollo **20.45** QI Children in Need Special **21.15** Little Britain **21.45** Coupling **22.15** Jack Dee Live at the Apollo **23.00** Dalziel and Pascoe **23.45** Dalziel and Pascoe **00.30** Top Gear

### DR 1

**13.10** Gomorron Sverige **14.00** Rapport **14.05** Det goda livet **14.55** Engelska Antikrundan **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Luftslott eller drömslott **17.05** K-märkt form **17.10** Kulturnyheterna **17.20** Sverige i dag sommar **17.30** Rapport **17.52** Regionala nyheter **18.00** Cleo **18.30** Balett är kul! **19.00** Vem tror du att du är? **19.45** Semester, semester, semester **20.00** Hotellpraktikanterna **20.30** Hela apparaten - om teknikens världar **21.00** Damages **21.45** Engelska Antikrundan **22.45** Rapport

### NRK 1

**09.45** Oddasat - nyheter på samisk **10.05** Filmavisen 1960 **10.15** Berlin, Berlin **10.40** Berlin, Berlin **11.05** Røst **11.35** Sportsrevyen **11.55** Filmavisen 1960 **12.05** Damenes detektivbyrå nr. 1 **13.00** Derrick **14.00** Et land i brun saus **14.30** Hvilket liv! **15.00** NRK nyheter **15.10** Poirot **16.00** Oddasat - nyheter på samisk **16.05** Nyheter på tegnspråk **16.10** Tilbake til 60-tallet **16.40** Distriktsnyheter **17.30** Lev lenge! **18.00** Tore på sporet **18.55** Distriktsnyheter **19.30** Boardwalk Empire **20.40** The Norwegian Solution

### svt1

**14.05** Det goda livet **14.55** Engelska Antikrundan **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Luftslott eller drömslott **17.05** K-märkt form **17.10** Kulturnyheterna **17.20** Sverige i dag sommar **17.30** Rapport **17.52** Regionala nyheter **18.00** Cleo **18.30** Balett är kul! **19.00** Vem tror du att du är? **19.45** Semester, semester, semester **20.00** Hotellpraktikanterna **20.30** Hela apparaten - om teknikens världar **21.00** Damages **21.45** Engelska Antikrundan **22.45** Rapport **22.50** Sommarpratarna








www.ms.is/lgg

MARKVISS STYRKING:

LGG+ er styrkjandi dagskammtur sem hentar öllu fólki á öllum aldri. Regluleg neysla LGG+ er sjálfsögð forvörn þeirra sem láta sér annt um heilbrigði sitt og styrkir þá gegn innrásum margs konar óæskilegra örvera.

BYRJAÐU DAGINN MEÐ LGG+

Það getur tekið LGG+ einn mánuð að byggja upp gerlaflóruna og til að viðhalda hámarksáhrifum er mikilvægt að neyta þess daglega.




VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 EXTRA 2 EXTRA+ AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR. 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

## FÉSBÓKIN



*„Takk Hafnarfjörður fyrir kvöldið. Næsti viðkomustaður er Hof á Akureyri! Rosalega var það skemmtilegt að spila fyrir ykkur íkvöld :)“*

Jógvan Hansen og Friðrik Ómar þeysast þessa dagana um landið.

# Ókunnugt fólk sendir Páli Óskari lög



**DREGUR SIG INN Í SKELINA** Páll Óskar hyggst láta lítið fyrir sér fara og einbeita sér að því að finna nördið í sjálfum sér. Hann langar að gefa út plötu á næsta ári.

„Núna hef ég í hyggju að draga mig inn í skelina og finna aftur nördið í sjálfum mér,“ segir Páll Óskar Hjálmtýsson.

Eins og Fréttablaðið greindi frá fór Páll á kostum með sinfóníuhljómsveit Íslands í Hörpu í síðustu viku. Hann rokseldi þar eintök af Silfursafninu en hefur í hyggju að láta minna fyrir sér fara á næstunni því hann hyggst hefja undirbúning að næstu plötu. „Það eru nokkur „demo“ til en platan kemur örugglega ekki út á þessu ári, það er mikið líklegra að hún komi 2012.“ Aðdáendur poppstjörnunnar þurfa hins vegar engu að kvíða, þeir fá sinn skammt á þessu ári; DVD-útgáfa með sinfóníutónleikunum kemur út fyrir jólin.

Síðasta plata poppstjörnunnar, Allt fyrir ástina, rokseldist og lögin sprengdu vinsældalista útvarpsstöðvanna fyrir fjórum árum. Páll hefur hins vegar ekki fundið samstarfsmann fyrir næstu plötu, hann segist vera að leita og tala við fólk. „Hins vegar er alltaf fólk útí bæ að senda mér lög eftir sig og biðja mig um að hlusta. Þetta er oft fólk sem ég þekki ekki neitt en er að semja ágætis lög.“ **- fgg**



**TÓNLISTINNI GEFIÐ LÍF** Margrét Gaua Magnúsdóttir og bróðir hennar, Davíð Magnússon, ætla ásamt Jóni Ólafssyni að heiðra Magnús Kjartansson á sextugsafmælisárinu hans. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Heiðra föður sinn

„Við erum ekki alveg búin að móta okkur hugmyndir en það vilja ansi margir tónlistarmenn heiðra karlinn,“ segir Margrét Gaua Magnúsdóttir, bæjarfulltrúi í Hafnarfirði og dóttir Magnúsar Kjartanssonar tónlistarmanns.

Magnús verður sextugur hinn 6. júlí næstkomandi. Af því tilefni hafa tvö af börnum hans, Margrét og gítarleikarinn snjalli Davíð Magnússon, ákveðið að fá nokkra velvalda tónlistarmenn til að syngja og spila lög Magnúsar, sem lék með hljómsveitum á borð við Trúbrot og Júdas. Jón Ólafsson, oftast kenndur við Skífuna, hefur verið Margréti og Davíð innan handar en hann og Magnús eru æskuvinir.

„Flutningur Diktu á To Be Grateful var fyrsti vísirinn að þessu en við erum ekki alveg búin að ákveða hvort þetta ratar á safndisk eða hvað við gerum. Okkur fannst við bara þurfa að gera eitthvað fyrir hann og hans tónlist, en þeir sem bíða eftir því að komast í hljóðver til að taka upp lög eru ótrúlega margir.“ Margrét segir pabba sinn mjög lítið stressaðan fyrir þessum tímamótum, hann geri sér grein fyrir því að John Lennon-styttan í Liverpool bráðni ekki þótt hann nái þessu takmarki. „Aðalveislan verður bara á annan í jólum. Við höfum nefnilega verið að safna fyrir ferð til Kúbu í þrjú ár og þar verður öll fjölskyldan þegar mamma verður sextug.“ **- fgg**






**ALMA GUÐMUNDSDÓTTIR:** ERUM MJÖG SAMSTILLTAR Í FATAVALI

# CHARLIES-STELPUR SITJA SVEITTAR VIÐ SAUMASKAP

„Við vorum að klára tveggja daga upptökutörn en það er nóg að gera hjá okkur þessa dagana,“ segir Alma Guðmundsdóttir, ein af meðlimum hljómsveitarinnar The Charlies en útrás sveitarinnar vestanhafs gengur ágætlega.

Nýlega komu stúlkurnar fram á sérstöku meðlimakvöldi skemmtistaðarins Supper Club. „Klúbburinn er einn sá flottasti hér í Hollywood og það er alltaf troðfullt. Það var því mikill heiður fyrir okkur að vera beðnar um að taka lagið á afmæliskvöldi staðarins þar sem mikið var um dýrðir. Risavaxin afmælisterta og kampavínsflaska í súperstærð látin síga niður úr loftinu.“

Þær Alma, Klara og Steinunn vöktu athygli fyrir að klæðast frumlegum búningum á sviðinu. „Búningana hönnuðum við og útfærðum alveg sjálfar. Við erum mjög ánægðar með útkomuna og notuðum hverja lausa stund milli æfinga til að setjast niður og sauma, festa kögur, gadda, keðjur og fjaðrir,“ segir Alma en hugmyndina fengu þær stöllur út frá gallavesti sem Alma keypti sér og klæddist þá um kvöldið. „Við erum mjög samstillar varðandi hvernig við viljum líta út á sviði og getum farið í mikinn ham þegar við erum að spá í útlit okkar á sviði,“ segir Alma og bætir við að þær sitji samt ekki alltaf sjálfar við saumavélina og vinni líka með hönnuðum og stílistum annað slagið.

Dagar þeirra Ölmu, Klöru og Steinunnar fara í æfingar og upptökur ásamt því að koma fram á eins mörgum viðburðum og þær geta. „Við höfum verið duglegar við að koma fram á hinum ýmsu viðburðum upp á síðkastið og höfum mjög gaman af því.“

alfrun@frettabladid.is



**Í STÍL**

Þær **Alma**, **Klara** og **Steinunn** í stúlknasveitinni The Charlies voru klæddar í hönnun eftir Elísabetu Kristófersdóttur síðustu tónleikum þeirra hér á landi en sjást hér koma fram á afmæliskvöldi Supper Club í búningum sem þær hönnuðu og saumuðu sjálfar en búningarnir minna óneitanlega á sviðsfatnað poppdívunnar Lady Gaga.




# Vill gera mynd um Ísland

„Ég er algjörlega ástfanginn af landinu ykkar og langar til að gera því hærra undir höfði,“ segir bandaríski framleiðandinn og kvikmyndagerðarmaðurinn Danny Sherman.

Sherman er staddur hér á landi til að skoða hentuga tökustaði fyrir kvikmynd sem hann vill gera í samstarfi við íslenska framleiðslufyrirtækið On the Rocks. Sherman telur að kostnaður við gerð myndarinnar eigi eftir að vera í kringum tíu milljónir dala en hann er jafnframt að skoða íslenska leikara til að leika í myndinni. Þar hefur hann notið dyggrar aðstoðar ÁsdísarRánar, fyrirsætunnar góðkunnu, við þá leit. Enn á eftir að ráða handritshöfund fyrir myndina en Sherman segir það ferli fara á fullt þegar hann fer aftur til Bandaríkjanna.

Sherman, sem starfar hjá bandaríska umboðsfyrirtækinu Principle Entertainment, er ekki að stíga sín fyrstu skref í kvikmyndaiðnaðinum því hann framleiddi nýverið kvikmyndina Isolation með Evu Amurri úr Californication í aðalhlutverki. „Ég er síðan með kvikmynd í vinnslu þar sem Jim Carrey kemur við sögu.“

Sherman segir myndina eiga að vera íslenska útgáfu af Lost in Translation eftir Sofiu Coppola, en þar lék Bill Murray útbrenndan leikara sem festist í japanskri menningu ásamt ungri amerískri snót.



**ÁSDÍS AÐSTOÐAR** Ásdís Rán hefur aðstoðað Danny Sherman við að finna íslenska leikara og áhugaverða staði og hér eru þau úti að borða ásamt Ósk Norðfjörð.

„Þetta verður kvikmynd um Ísland og menningu landsins og mun fjalla um mann sem leitar að hinni fullkomnu fegurð.“ **- fgg**




**SPORTHÚSIÐ**

heilsurækt fyrir alla

DALSMÁRA 9 - 11 • 201 KÓPAVOGI • S. 564 4050

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 | VÍSIR

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst húsið

**DREIFING:** dreifing@posthusid.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

vísir

Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Björk í hljóðveri

**Björk Guðmundsdóttir** virðist vera í miklum ham þessa dagana. Hún er að taka upp myndband við lagið Crystalline með franska kvikmyndagerðarmanninum Michel Gondry en það styttist óðum í útgáfudag breiðskífunnar Biophilia. Þar með er ekki öll sagan sögð því Björk er jafnframt í hljóðveri með sýrlenska tónlistarmanninum Omar Souleyman, en fréttir af hugsanlegu samstarfi þeirra bárust fyrir allnokkru. Víst er að þetta verkefni á eftir að fá mikla athygli, ef ekki væri nema bara fyrir ástandið í heimalandi Souleymans.



### Skemmtileg blanda

Útgáfutónleikar GusGus á Nasa þóttu heppnast með eindæmum vel, en þeir voru sýndir í beinni útsendingu á visir.is. GusGus hefur fengið frábæra dóma fyrir nýjustu plötuna sína og ekki er laust við að aðdáendahópurinn hafi örlítið breikkað. Allavega mátti sjá fjárfestinn **Heiðar Má Guðjónsson** skemmta sér konunglega við taktfasta tónlist GusGus-manna, sem og Sigríði Mogensen, fyrrverandi fréttakonu. Þá var kvikmyndatökumaðurinn Karl Óskarsson á meðal gesta ásamt eiginkonu sinni, Telmu Tómasson, fréttakonu af Stöð 2. **- fgg**



## Mest lesið vísir

1. Trúðu ekki að vinur þeirra væri raðmorðingi
2. Ferjusigling setur Noreg á annan endann
3. Karlmaður fannst látinn
4. Lentu í vandræðum með 444 kíló af kókaíni um borð
5. Karlar finni skömm af því að yfirgefa heimili sín


## Yfirburðir Fréttablaðsins á dagblaðamarkaði staðfestir

**Prentmiðlakönnun Capacent Gallup.**
Janúar til mars 2011, meðallestur á tölublað 18–49 ára.




Fréttablaðið og Morgunblaðið kemur út sex daga vikunnar, á meðan DV kemur út þrisvar í viku og Fréttatíminn einu sinni.

10 ÁRA 2001-2011 MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Allt sem þú þarft






XW710EA-2Y

### HP Compaq Presario CQ56

6 MÁNAÐA VAXTALAUST LÁN

**Örgjörvi:** Intel Celeron T3500
**Harður diskur:** 320 GB
**Vinnsluminni:** 3 GB DDR2
**Skjár:** 15,6" LED BrightView
**Skjákort/stýring:** Intel® GMA 4500M
Windows 7 Home Premium 64 bita
**Ábyrgð:** 2ja ára ábyrgð.

OK búðin mælir með Microsoft® Windows 7.

# AFMÆLIS TILBOÐ

OK búðin er 1 árs! Við höldum uppá afmælið með frábærum tilboðum á glæsilegum tölvum.

XK419EA-2Y

### HP Mini 210

6 MÁNAÐA VAXTALAUST LÁN

38% AFSLÁTTUR
49.900 kr.
79.900 kr.

UPPSELD

**Örgjörvi:** Intel® Atom™ N455
**Harður diskur:** ...
...GMA 3150
**Ábyrgð:** 2ja ára ábyrgð.

XD497EA-2Y

### HP Pavilion DV6-3130 eo

6 MÁNAÐA VAXTALAUST LÁN

33% AFSLÁTTUR
99.900 kr.
149.900 kr.

UPPSELD

...on II Dual-Core P340
... GB
...DDR3
...tView
...**/stýring:** ATI HD5470 512 MB
Windows 7 Home Premium 64 bita
**Ábyrgð:** 2ja ára ábyrgð.

XD579EA-2Y

### HP Pavilion DV6-3146 eo

6 MÁNAÐA VAXTALAUST LÁN

25% AFSLÁTTUR
119.900 kr.
159.900 kr.

**Örgjörvi:** AMD Turion II Dual-Core P540
**Harður diskur:** 500 GB
**Vinnsluminni:** 4 GB DDR3
**Skjár:** 15,6" HD LED BrightView
**Skjákort/stýring:** ATI HD5650 1GB
Windows 7 Home Premium 64 bita
**Ábyrgð:** 2ja ára ábyrgð.

XD483EA-2Y

### HP Pavilion DV6-3151eo

6 MÁNAÐA VAXTALAUST LÁN

24% AFSLÁTTUR
129.900 kr.
169.900 kr.

**Örgjörvi:** AMD Phenom II Dual-Core N620
**Harður diskur:** 640 GB
**Vinnsluminni:** 4 GB DDR3
**Skjár:** 15,6" HD LED BrightView
**Skjákort/stýring:** ATI HD5650 1GB
Windows 7 Home Premium 64 bita
**Ábyrgð:** 2ja ára ábyrgð.

hp - MEST SELDU TÖLVUR Í HEIMI*

Opin kerfi eru dreifingar- og þjónustuaðili HP á Íslandi.
HP tölvubúnaður fæst hjá samstarfsaðilum um land allt.

* Skv. Gartner

Opnunartími: mán - fös. kl. 9 - 18

OK búðin

Ok búðin / Höfðabakka 9 / 110 Reykjavík / Sími 570 1140 / www.okbudin.is

VERT